# FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSING

283. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 30. NÓVEMBER 2018




# **Notkun á núll!** Ótakmarkað net, tal og sms

Smáa letrið: Það kostar samt ennþá að hringja í þjónustunúmer, til útlanda og að nýta net í útlöndum.

**SAMSUNG**
**Galaxy S8+** 64 GB
**59.990 kr.** stgr.
Fullt verð **79.990 kr.**







## Tólin fyrir jólin

**SAMSUNG**
**Note 9** 128 GB
**134.990 kr.** stgr.
Fullt verð **149.990 kr.**

# Skyldavera Novajól!

## Afmælistilboð í öllum verslunum Nova og á nova.is alla helgina!




**SAMSUNG**
**Galaxy Watch** 46 mm
**49.990 kr.** stgr.
Fullt verð **54.990 kr.**




**SAMSUNG**
**A7** 64 GB
**44.990 kr.** stgr.
Fullt verð **49.990 kr.**




**SAMSUNG**
**A8** 32 GB
**54.990 kr.** stgr.
Fullt verð **59.990 kr.**




**SAMSUNG**
**J5 2017** 16 GB
**22.990 kr.** stgr.
Fullt verð **27.990 kr.**




**Samsung TabA 10.5**
**44.990 kr.** stgr.
Fullt verð **54.990 kr.**




**Bose QC 35 II**
**36.990 kr.** stgr.
Fullt verð **46.990 kr.**




**Apple AirPods**
**19.992 kr.** stgr.
Fullt verð **24.990 kr.**




**Bíókort** 5x í bíó
**3.987 kr.** stgr.
Fullt verð **4.690 kr.**

**5.000 – 20.000 kr. afsláttur** af símum | **2 skautamiðar** fylgja öllum Samsung símum

# FRÉTTABLAÐIÐ

283. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 30. NÓVEMBER 2018




# Skúli semur við Indigo

**VIÐSKIPTI** Skúli Mogensen, forstjóri og eini hluthafi WOW air, hefur upplýst Samgöngustofu og íslensk stjórnvöld um að fyrir liggi undirrituð drög að kaupsamningi við fjárfestingarfélagið Indigo Partners vegna mögulegrar fjárfestingar í flugfélaginu. Það var á grundvelli þess samnings sem Skúli lagði fram í gær, sem ákveðið var að ekki væri tilefni til að afturkalla flugrekstrarleyfi WOW air að svo stöddu.

Í bréfi sem norska verðbréfafyrirtækið Pareto, sem hafði yfirumsjón með skuldabréfaútboði WOW air síðastliðið haust, sendi á skuldabréfaeigendur flugfélagsins síðla dags í gær kemur fram að viðræður standi yfir við „aðila í fluggeiranum“. Á starfsmannafundi í gærmorgun greindi Skúli frá því að fjársterkur aðili, sem þekkti WOW air vel, væri að skoða kaup á félaginu og að málið ætti að skýrast í næstu viku. Í gærkvöld var síðan greint frá samkomulagi fyrirtækjanna í yfirlýsingu frá WOW air. Indigo Partners, stofnað af W. A. Franke árið 2003, á stóran hlut í breska lággjaldaflugfélaginu Wizz Air.

Úlfar Steindórsson, stjórnarformaður Icelandair, segir einhug hafa ríkt um að hætta við kaupin á WOW air. Hvorki var komið á hreint hve stór hlutur Skúla í Icelandair hefði orðið með kaupunum né hvort samkomulag næðist við skuldabréfaeigendur WOW air. „Við erum að reka Icelandair og þurftum að sinna því. Fyrst og síðast þurfum við að hugsa um hagsmuni félagsins.“

Fyrirtækið Airport Associates (AA) sagði 237 starfsmönnum upp í gær en líkur eru á að fyrirtækið þurfi að endurskipuleggja starfsemi sína vegna rekstrarvandræða WOW air. „Það er mikil óvissa, enda er WOW air 50 prósent af okkar starfsemi,“ segir Sigþór Kristinn Skúlason, forstjóri AA.

**– hae, þfh, hvj**

Flugrekstrarleyfi WOW air bjargað eftir að Skúli kynnti undirrituð drög að kaupsamningi fjárfestis á hlut í flugfélaginu. Einhugur var um að hætta við kaup Icelandair á WOW air. **2, 6, 8 og 16**

**12,66**

**prósent nam lækkun á hlutabréfum Icelandair eftir að hætt var við kaupin á WOW air**

**237**

**starfsmönnum Airport Associates var sagt upp vegna rekstrarvandræða WOW air**

## Jóhann stefnir útgáfurisum

**DÓMSMÁL** „Það er vissulega mjög góð tilfinning að vita til þess að nú verður málinu fylgt eftir allt til enda,“ segir tónlistarmaðurinn Jóhann Helgason, sem hefur stefnt lagahöfundinum Rolf Lovland og yfir tuttugu öðrum aðilum fyrir dóm í Los Angeles fyrir stuld á laginu Söknuði. Er þess krafist að það verði viðurkennt að lagið You Raise Me Up sem Rolf Lovland sendi frá sér árið 2001 sé í stuldur á lagi Jóhanns. Má búast við harðri mótspyrnu ytra – gera má ráð fyrir að You Raise Me Up hafi velt jafnvirði margra milljarða króna. **– gar /**



**sjá síðu 4**

## Flokkur fólksins klofinn í tvennt

**ALÞINGI** Stjórn Flokks fólksins vill helming þingmanna sinna af þingi, þá Ólaf Ísleifsson og Karl Gauta Hjaltason. Þeir hafa ekki í hyggju að fara.

Fréttir Stundarinnar og DV af samtali þingmanna Miðflokksins og þingmanna úr Flokki fólksins voru á allra vörum í gær. Ummæli þingmannanna um þingkonur hafa vakið hörð viðbrögð bæði innan og utan þings. Samræður þingmannanna um Ingu Sæland, formann Flokks fólksins, varð tilefni fundarins í Hamraborg í gær. **– aá /**



**sjá síðu 10**










## Veður




Norðan 10-18 m/s í dag en 15-23 m/s norðvestan til á landinu og með suðausturströndinni. Áfram snjókoma eða él um norðanvert landið en þurrt syðra. SJÁ SÍÐU 22



**Alls hefur 237 starfsmönnum verið sagt upp störfum.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Hundruðum sagt upp

**VIÐSKIPTI** Á þriðja hundrað starfsmanna fyrirtækisins Airport Associates ehf. hefur verið sagt upp störfum vegna rekstrarvandræða flugfélagsins WOW air. Sigþór Kristinn Skúlason forstjóri staðfestir þetta í samtali við Fréttablaðið og segir að uppsagnarbréf hafi verið send til 237 starfsmanna fyrirtækisins.

„Við erum að grípa til varúðarráðstafana og segja þessu fólki upp,“ segir Sigþór. Aðspurður hvort uppsagnirnar tengist rekstrarvanda WOW air segir Sigþór svo vera en útilokar ekki að hópur starfsmannanna verði ráðinn aftur til vinnu haldi rekstur WOW air velli. „Það er mikil óvissa, enda er WOW air fimmtíu prósent af okkar starfsemi. Að sjálfsögðu vonum við og trúum að allt gangi vel.“

Í yfirlýsingu frá fyrirtækinu segir að forsvarsmenn harmi að grípa þurfi til svo róttækra aðgerða og vonast til þess að fyrirtækið geti afturkallað uppsagnirnar svo fljótt sem kostur er.

Starfsmannafundur var haldinn síðdegis í dag þar sem stjórnendur skýrðu frá stöðu mála. Starfsmenn Airport Associates eru um fimm hundruð og fékk því tæplega helmingur starfsmanna uppsagnarbréf í dag. **– bsp**

## Hrímhvítt



**Þessum unga Akureyringi þótti væntanlega nokkuð kalt þegar hann gekk um bæinn í gær, enda snjór, frost og nokkur vindur í höfuðborg Norðurlands. Búist er við frekari snjókomu fyrir norðan, um helgina og á mánudag og þriðjudag. Helgarspáin fyrir höfuðborgarsvæðið er öllu þægilegri. Ekkert bólar á snjókomu en þó spáir nokkru frosti, allt að átta stigum á mánudagskvöld.** FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

# Lesendur hrífast af Bolsonaro

**UTANRÍKISMÁL** Brasilíski forsetinn Jair Bolsonaro og sádiarabíski krónprinsinn Mohammed bin Salman voru vinsælastir í lesendakönnun Time um manneskju ársins miðað við stöðuna eins og hún var í gærkvöldi. Á hæla þeirra fylgdu hellakafararnir sem björguðu ungum fótboltaköppum í sumar.

Könnunin er hvorki bindandi né ráðgefandi fyrir valið á manneskju ársins. Í desember kemur í ljós hver hlýtur nafnbótina. Í fyrra varð Mohammed til dæmis hlutskarpastur í lesendakönnuninni, en þeir sem rufu þögnina og greindu frá kynferðislegu áreiti, hlutu nafnbótina.

Veðbankar telja mestar líkur á að Donald Trump Bandaríkjaforseti verði manneskja ársins. Það var hann síðast árið 2016. Colin Kaepernick, fyrrverandi NFL-kappi er talinn líklegur sem og Elon Musk, stofnandi Tesla og hellakafararnir. **– þea**

Hágæða jólaljós frá Svíþjóð
Grillbúðin
www.grillbudin.is




Smiðjuvegi 2, Kópavogi - www.grillbudin.is - Sími 554 0400

# Segir fjölda bréfa ekki berast viðtakendum

**Fjöldi fólks hefur haft samband við JS Ljósasmiðjuna þar sem það hefur ekki fengið árleg bréf um lýsingu á leiðum í Kópavogskirkjugarði. Eftir að Fréttablaðið spurðist fyrir um málið hóf Pósturinn rannsókn á málinu á nýjan leik.**

**SAMFÉLAG** Eigendur JS Ljósasmiðjunnar eru ósáttir við Póstinn en nokkur fjöldi bréfa sem send voru vegna lýsingar á leiðum í Kópavogskirkjugarði hefur ekki borist viðtakendum. Sigurður Vilhjálmsson, annar eigenda, segir að þeir hafi séð um lýsingarnar í garðinum síðastliðin tólf ár og á hverju hausti séu send bréf til þeirra aðila sem skráðir séu fyrir leiðum í garðinum.

„Við sendum um þúsund bréf fyrir um mánuði síðan. Nú hafa milli 80 og 90 manns haft samband og spurt hvort við værum hættir með þessa þjónustu því þeir hafi ekki fengið bréf. Þetta eru kúnnar sem hafa verslað við okkur árum saman og áttu að fá bréf,“ segir Sigurður.

Hann segist hafa kvartað til Póstsins og var málið skoðað hjá dreifingarmiðstöð. „Þau létu skoða 30 nöfn og sögðu að allir þeir aðilar væru merktir og þessi póstur borinn út samkvæmt utanáskrift. Það getur ekki verið því annars væri þetta fólk ekki að hafa samband við okkur.“

Í tölvupósti sem Sigurður fékk frá starfsmanni Póstsins kom fram að því miður væri ekki hægt að rannsaka málið frekar þar sem bréfin væru órekjanleg. Sigurður segir að það hafi slegið sig að í tölvupóstinum væri merki Póstsins og þar fyrir ofan stæði „Við komum því til skila“.

„Maður skilur það kannski að nokkur bréf skili sér ekki en það er ekki eðlilegt að fjöldinn sé svona mikill. Svo getur maður bara ímyndað sér hvað séu margir sem ekki hafa fengið bréf en gleymt þessu og ekki hringt í okkur.“

Brynjar Smári Rúnarsson, forstöðumaður markaðsdeildar Póstsins, segir að almennt séð berist ekki margar svona ábendingar um póst sem skili sér ekki en það komi þó fyrir. „Við rannsökum alltaf svona mál. Varðandi þetta einstaka mál þá erum við enn að rannsaka það en niðurstaða liggur ekki fyrir. Við munum að sjálfsögðu upplýsa viðkomandi viðskiptavin um leið og það gerist. En við biðjumst að sjálfsögðu velvirðingar á þessu.“

Hann hvetur viðskiptavini sem telja að póstur hafi ekki borist til að hafa samband. „Það er besta leiðin fyrir okkur til að komast á snoðir um svona.“

Eftir að Fréttablaðið ræddi við Póstinn var haft samband við Sigurð og honum tjáð að skoða ætti málið betur. „Það var hringt og nú vilja þau endilega fá fleiri nöfn send. Svo vilja þau jafnvel bjóða mér einhverjar bætur fyrir það sem við höfum lent í. Þau eru þannig hálfpartinn búin að viðurkenna að eitthvað hafi ekki verið í lagi. Af tölvupóstinum sem ég fékk fyrr í vikunni að dæma virtust þau ekki ætla að gera neitt meira í þessu,“ segir Sigurður.

sighvatur@frettabladid.is



**Jón Guðbjörnsson og Sigurður Vilhjálmsson eigendur.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

> **Maður skilur það kannski að nokkur bréf skili sér ekki en það er ekki eðlilegt að fjöldinn sé svona mikill.**
>
> Sigurður Vilhjálmsson, annar eigenda JS Ljósasmiðjunnar

# FÖGNUM FULLVELDISAFMÆLINU 1. DESEMBER



## 13:00 FULLVELDISHÁTÍÐIN SETT FYRIR FRAMAN STJÓRNARRÁÐSHÚSIÐ

**Verið hjartanlega velkomin að Stjórnarráðshúsinu þar sem fullveldinu var lýst fyrir 100 árum. Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra setur hátíðina. Haldin verða stutt ávörp í bland við tónlistarflutning kóra og blásarasveitar. Ungmennaráð Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna tekur virkan þátt og boðið verður upp á kakó á Lækjartorgi.**

Vakin er athygli á því að skipulagt hátíðarsvæði er Lækjartorg, Lækjargata, Bankastræti, Hverfisgata og Arnarhóll og að umferð ökutækja er takmörkuð um svæðið meðan á athöfn stendur. Setningarathöfnin verður sýnd beint á RÚV.

| | | |
|---|---|---|
| 08:30 | **Upptaktur – Tengt við söguna og haldið í hefðir** | Hólavallakirkjugarður |
| 13:00 | **Setning fullveldishátíðar** | Við Stjórnarráðshúsið Lækjartorgi |
| 13:30 | **Opið hús á Alþingi** | Alþingishúsið |
| 14:00 | **VATNIÐ í náttúru Íslands** | Perlan |
| 14:30 | **Fáni fyrir nýja þjóð – sýning** | Harpa – 5. hæð |
| 13:30 | **Ný ásýnd Þjóðminjasafns kynnt** | Þjóðminjasafn Íslands |
| 15:00 | **Með ungum augum – leikin leiðsögn Leynileikhússins** | Þjóðminjasafn Íslands |
| 15:00 | **Nýr heimildavefur Þjóðskjalasafns Íslands opnaður** | Laugavegur 162, 3. hæð |
| 17:00 | **Sagatid – Nutid** | Veröld – Hús Vigdísar |
| 20:00 | **ÍSLENDINGASÖGUR – Sinfónísk sagnaskemmtun** | Eldborg Hörpu |
| 22:00 | **Fokkað í fullveldinu** | Þjóðleikhúsið |

### Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU ERU ENN FLEIRI VIÐBURÐIR ÞENNAN DAG. GESTIR ERU BOÐNIR VELKOMNIR. SKOÐIÐ DAGSKRÁNA Á FULLVELDI1918.IS

Lífsblómið – Fullveldi Íslands í 100 ár
Listasafn Íslands

Hjólað um styttur bæjarins
Mæting við Hlemm

Fullveldissöngvar 1918–2018
Harpa, Hörpuhorn

Leitin að verkum Ásmundar frá 1918
Ratleikur úti og inni
Listasafn Reykjavíkur, Ásmundarsafn

Fullvalda konur og karlar
Borgarbókasafn, Menningarhús Grófinni

Farsæl, fróð og frjáls
Rýmd, nemendagallerí Listaháskólans

Fullveldishátíð í Hafnarfjarðarkirkju
Hafnarfjarðarkirkja

100 íslenskir fánar, Íshúsið, Hafnarfjörður

Fullveldiskaffi með Ara Eldjárn,
Árbæjarsafn

Vísindi og samfélag – 100 ára afmæli
Vísindafélags Íslendinga, Kjarvalsstaðir

Velkomin um borð – sögusýning Eimskips
Vöruhótel Eimskips, Sundabakki 2

Siglt um sýningu Kjarvals í fortíð
og framtíð – fjölskylduleiðsögn og
Þingvallamósaíksmiðja. Kjarvalsstaðir

Söguhringur kvenna, listasmiðja
Menningarhús Gerðubergi

FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ

**Við hvetjum landsmenn til að taka þátt í þeim fjölmörgu viðburðum sem boðið er upp á í öllum landshlutum. Dagskrána má skoða á fullveldi1918.is**

FULLVELDI ÍSLANDS
1918 · 2018

# Tekist á um eitt mest selda lag allra tíma

**Helstu útgáfurisar eru meðal þeirra sem Jóhann Helgason stefnir fyrir dóm í Los Angeles í Bandaríkjunum. Gerð er sú krafa að tónlistarmaðurinn fái allar tekjur sem lagið You Raise Me Up hefur aflað síðan það kom út árið 2001 enda sé lagið stuldur á laginu Söknuði eftir Jóhann.**

**DÓMSMÁL** Lögð var fram stefna í gær fyrir hönd tónlistarmannsins Jóhanns Helgasonar á hendur norska lagahöfundinum Rolf Lovland og yfir tuttugu öðrum aðilum fyrir stuld á laginu Söknuði frá árinu 1977.

Fullyrt er í stefnunni að lagið You Raise Me Up frá árinu 2001 eftir Lovland og með texta Írans Brendans Graham sé í raun lagið Söknuður.

You Raise Me Up varð heimsfrægt í flutningi söngvarans Josh Groban árið 2003. Lagið hefur síðan komið út í yfir tvö þúsund útgáfum. Það er iðulega flutt á stórviðburðum, við minningarathafnir og jarðarfarir, rétt eins og Söknuður Jóhanns Helgasonar.

Þess er krafist í stefnunni að Jóhanni verði dæmdar allar tekjur sem You Raise Me Up hefur fært Rolf Lovland og öðrum. Meðal þeirra sem er stefnt eru útgáfurisarnir Universal Music og Warner Music Group og efnisveitur á borð við Spotify og iTunes.

Í stefnu lögmanns Jóhanns, Michaels Machat, segir að You Raise Me Up sé eitt mesta selda lag allra tíma. Vitnað er til orða Martins Ingeström, forstjóra Universal Music í Svíþjóð, um að sala á laginu væri að nálgast 100 milljónir eintaka.


Dag einn árið 1976 gekk Vilhjálmur Vilhjálmsson frá Hljómplötuútgáfunni hf. á Laugavegi 33 yfir götuna og í gegnum sundið að bakhúsi númer 24B þar sem Jóhann Helgason bjó. Vilhjálmur fékk Jóhanni frumsamda texta og bað hann að semja lög við þá. Jóhann samdi þá þrjú lög, meðal annars Söknuð, og komu þau út ári síðar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

> Það er eðlislægt þeim sem sölsa undir sig eigur annarra að vilja síður skila þeim, það á ekki síst við um eigur sem skapa verðmæti.
>
> Jóhann Helgason

Hagsmunirnir eru því gríðarlegir og Jóhann reiknar með harðri mótspyrnu í Los Angeles. „Það er eðlislægt þeim sem sölsa undir sig eigur annarra að vilja síður skila þeim, það á ekki síst við um eigur sem skapa verðmæti,“ segir Jóhann.

Því er haldið fram í stefnunni að Rolf Lovland sé þekktur að því meðal kollega í tónlistarheiminum að taka tónsmíðar annarra höfunda ófrjálsri hendi. Rakið er hvernig Lovland hafi á margvíslegan hátt getað komist í snertingu við lagið Söknuð, meðal annars þegar hann dvaldi á Íslandi, í fyrsta skipti árið 1994.

Sem fyrr segir er gerð krafa um að allar tekjur af You Raise Me Up skili sér til Jóhanns. Í stefnu lögmanns hans, sem sett er fram í nafni bandarísks félags Jóhanns, Johannsongs Publishing Ltd., er enn fremur krafist miskabóta samkvæmt ákvörðun kviðdóms sem óskað er eftir að dæmi í málinu.

„Að lagið skili sér á réttan stað,“ segir Jóhann einfaldlega sjálfur um kröfur sínar. Sem fyrr segir kveður hann það góða tilfinningu að málinu verði nú, eftir öll þess ár, fylgt til enda.

„Frá fyrsta degi hefur Söknuður átt samleið með þjóðinni og hefur síðan þá haldið út í heim án leyfis, í viðlíka vegferð í breyttum búningi,“ segir Jóhann. „Þar sem um eftirlíkingar er að ræða, kemur ekki á óvart að bæði lag og texti ensku útgáfunnar hafa fundið sér sama stað í hjörtum fólks og sú íslenska,“ bætir hann við.

Jóhann hefur áður reynt fyrir sér með málshöfðun en orðið að leggja þá fyrirætlun á hilluna vegna fjárskorts. Í fyrravor hélt tónlistarmaðurinn blaðamannafund í upptökuverinu Hljóðrita og kynnti þar nýja atlögu að málinu.

„Fundurinn í Hljóðrita var að margra mati vel heppnaður og góð umfjöllun í kjölfar hans skilaði málinu á þann stað að nú er bróðurpartur þess sem til þurfti í höfn,“ segir Jóhann.

Sagt er ljóst í stefnu lögmannsins Michaels Machat, að allir þeir sem stefnt er í málinu hafi aflað sér geysimikilla tekna með óheimilli notkun á Söknuði Jóhanns Helgasonar og haldi enn í dag áfram að hagnast ólöglega á eftiröpun, dreifingu og flutningi lagsins.

„Á meðan hefur hinn raunverulegi höfundur lagsins, Jóhann Helgason, verið hunsaður," segir í stefnu Machats. „Vegna skorts á fjármagni hefur hann ekki getað tekið lögformleg skref til að stöðva stuldinn á lagi sínu Söknuði. Þar til nú, það er að segja.“

gar@frettabladid.is

## Afbragðs góðar vinningslíkur Jóhanns segir lögmaður hans ytra

**DÓMSMÁL** „Ég hlakka til að leggja fram stefnu í þessu máli,“ sagði Michael Machat, lögmaður Jóhanns Helgasonar, við Fréttablaðið áður en hann lagði inn stefnu í Los Angeles fyrir hönd Jóhanns gegn Rolf Lovland og öðrum.

„Ég held að möguleikar Jóhanns til að vinna þetta mál séu afbragðs góðir,“ sagði Machat. Að lokum verði málið kynnt fyrir átta manns í kviðdómi í dómstóli í miðborg Los Angeles.

> Líkindin milli Söknuðar og You Raise Me Up eru svo augljós fyrir hinum almenna hlustanda.
>
> Michael Machat, lögmaður í Los Angeles



„Þeir munu hlusta á upptökurnar, hlusta á vitnin – þar með talin sérfræðivitni – og taka ákvörðun. Þar sem líkindin milli Söknuðar og You Raise Me Up eru svo augljós fyrir hinum almenna hlustanda held ég að kviðdómurinn komist að þeirri niðurstöðu að Rolf Lovland kópíeraði lag Jóhanns þegar hann samdi You Raise Me Up,“ sagði lögmaðurinn.

Machat sagði það mat sitt að það tæki um 18 til 20 mánuði frá því að stefnan væri lögð inn þar til sjálf réttarhöldin hæfust. Eftir að þeim stefndu hafa verið birtar stefnurnar þyrfti talsverðan tíma í skipulagningu og til að taka niður vitnisburði viðeigandi vitna.

„Þar sem vitnin eru beggja vegna Atlantshafsins gæti orðið töf á því að skipuleggja suma vitnisburði. Þegar við höfum vitnisburðina og skýrslur sérfræðinga verðum við tilbúnir í réttarhöld,“ sagði Michael Machat sem kvaðst spenntur og stoltur yfir að flytja málið fyrir Jóhann og vinda ofan af langvarandi óréttlæti.

„Hæfileikaríkur listamaður eins og Jóhann Helgason á ekki að þurfa að verða fyrir slíkum þjófnaði á heimsvísu á verki sínu,“ sagði Machat sem kveðst þess vegna vilja sjá mál hans fyrir kviðdómi. „Ég er viss um að réttlætinu verður fullnægt.“ – gar

### Heimsfrægir viðskiptavinir Machat-feðga

Michael Machat, lögmaður í Los Angeles, er einn fárra einkalögmanna sem flutt hafa mál fyrir hæstarétti Bandaríkjanna og unnið það.

Michael sérhæfir sig í réttindamálum tónlistarmanna og samningagerð fyrir þá. Samkvæmt heimasíðu lögmannsstofu hans hefur hann náð að knýja fram sættir fyrir viðskiptavini í mörgum málum gegn stórfyrirtækjum vestan hafs. Öðrum málum hefur hann fylgt í gegn um dómskerfið, jafnvel allt upp í hæstarétt sem fyrr segir.

Í starfi sínu hefur Michael Machat tekið upp merkið eftir föður sinn Marty Machat. Marty fór með mál fjölmargra heimsþekktra tónlistarmanna. Meðal þeirra eru James Brown, Sam Cooke, The Kinks, The Rolling Stones, The Who, ELO, Genesis, Peter Gabriel, Phil Collins og Leonard Cohen. Bróðir Michaels, Steven, er einnig lögmaður sem hefur tónlistarmenn sem sitt sérsvið.


FIAT ATVINNUBÍLAR

FIAT PROFESSIONAL



FIAT DUCATO
Verð frá 3.943.548 án vsk.
4.890.000 m/vsk.

FIAT TALENTO L2H1
Verð frá 3.298.387 án vsk.
4.090.000 m/vsk.

FIAT DOBLO
Verð frá 2.225.806 án vsk.
2.760.000 m/vsk.

FIAT FIORINO
Verð frá 1.854.032 án vsk.
2.299.000 m/vsk.

ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

UMBOÐSAÐILI FIAT • ÞVERHOLTI 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433 • WWW.FIATPROFESSIONAL.IS
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

5 ÁRA ÁBYRGÐ

1. DESEMBER 2018

# Til hamingju með daginn

## FÖGNUM FULLVELDISAFMÆLINU

### Fjölbreytt dagskrá verður allan daginn í öllum landsfjórðungum

| | | |
|---|---|---|
| | **VESTURLAND** | |
| 11:00 | 100 ára fullveldishátíð | Grunnskólinn í Stykkishólmi |
| 12:00 | Fullveldishátíð | Grunnskóli Snæfellsbæjar í Ólafsvík |
| 12:00 | Opið hús | Grunnskóli Grundarfjarðar |
| 14:00 | Fullveldishátíð Norska hússins | Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla |
| 15:00 | Skotthúfan í tilefni 100 ára fullveldisafmælis Íslands | Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla |
| 16:00 | Fullveldi til fullveldis – hátíðartónleikar | Reykholtskirkja |
| 20:30 | Tónleikar í gömlu kirkjunni Stykkishólmi – Gadus morhua | Gamla kirkjan í Stykkishólmi |
| | **VESTFIRÐIR** | |
| 13:00 | Flaggað í hálfa stöng við fullveldi | Safnahúsið Ísafirði |
| 14:00 | 100 ára fullveldisafmæli | Ráðhús Bolungarvíkur |
| 14:30 | „Hver á sér meðal þjóða þjóð?“ | Félagsheimilið á Þingeyri |
| | **NORÐURLAND VESTRA** | |
| 20:00 | „Hver á sér fegra föðurland?“ – Skemmtidagskrá í tali og tónum | Menningarhúsið Miðgarður, Varmahlíð |
| | **NORÐURLAND EYSTRA** | |
| 10:00 | 100 ára fullveldi Íslands – uppskeruhátíð nemenda | Borgarhólsskóli |
| 13:00 | Bæjarbragur: Í upphafi fullveldis | Amtsbókasafnið á Akureyri |
| 13:00 | Fullveldishátíð | Háskólinn á Akureyri |
| 14:00 | 100 ára fullveldisafmæli – 30 ára afmæli Framhaldsskólans á Laugum | Íþróttahúsið á Laugum, Dimmuborgir |
| 15:00 | Fullveldið endurskoðað, taka tvö: Rósaboðið | Listasafnið á Akureyri |
| 20:00 | Fullveldiskantata | Hamraborg, Hof Akureyri |
| | **AUSTURLAND** | |
| 13:00 | Austfirskt, sjálfbært fullveldi – lokahóf | Menntaskólinn á Egilsstöðum |
| 13:30 | Fullveldishátíð Vopnfirðinga | Vopnafjarðarskóli |
| 14:00 | Hátíðardagskrá í Löngubúð | Djúpavogi |
| 15:00 | Hátíðartónleikar Sinfóníuhljómsveitar Austurlands | Tónlistarmiðstöð Austurlands |
| | **SUÐURLAND** | |
| 11:00 | Fullveldi í kjölfar Kötlugoss | Kirkjuhvoll, Kirkjubæjarklaustri |
| 11:00 | Þingvellir, friðun og fullveldi | Þingvellir |
| 14:00 | Menningardagskrá barna | Listasafn Árnesinga, Bókasafnið í Hveragerði |
| 15:30 | Fjallkonurnar okkar | Versalir, Ráðhúsi Ölfuss |
| 16:00 | Hátíðartónleikar í Skálholtsdómkirkju | Skálholtsdómkirkja |
| 16:00 | Fullveldisafmæli á Suðurnesjum | Bíósalur, Duus Safnahús |
| | **VIÐBURÐIR Í BEINNI ÚTSENDINGU Á RÚV** | |
| 13:00 | Setning fullveldishátíðar 1. desember | Við Stjórnarráðshúsið Lækjartorgi |
| 20:00 | ÍSLENDINGASÖGUR – Sinfónísk sagnaskemmtun | Eldborg Hörpu |
| | **Fjölmargir viðburðir eru einnig á höfuðborgarsvæðinu sem sjá má á fullveldi1918.is** | |

**Við hvetjum landsmenn til að taka þátt í þeim fjölmörgu viðburðum sem boðið er upp á í öllum landshlutum. Dagskrána má skoða á fullveldi1918.is**

FULLVELDI ÍSLANDS
1918 · 2018

# Sjóður GAMMA dróst saman um 3,5 prósent

Eignir fjárfestingarsjóðsins GAMMA: Credit Fund drógust saman um 3,5 prósent í gær en sjóðurinn tók þátt í skuldabréfaútboði WOW air sem lauk um miðjan september ásamt GAMMA: Total Return Fund.

GAMMA: Credit Fund, sem er með um 8 milljarða króna í stýringu, keypti fyrir 1,8 milljónir evra í útboðinu. Skuldabréfin í WOW air nema því um 3,2 prósentum af heildareignum sjóðsins. GAMMA: Total Return Fund, sem er með um 2,4 milljarða í stýringu, fjárfesti hins vegar aðeins fyrir 200 þúsund evrur.

**1,8**

**milljónir evra fjárfesti GAMMA: Credit fund í skuldabréfaútboði WOW air**

Í skuldabréfaútboðinu tryggði WOW air sér fjármögnun upp á samtals 60 milljónir evra, jafnvirði 8 milljarða króna, og voru íslenskir aðilar með um 37 prósent af heildareftirspurninni, eða sem nemur 22 milljónum evra. – **tfh**



















Hlutabréfaverð Icelandair lækkaði um 12,66 prósent í Kauphöllinni í gær vegna málsins FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Einhugur um að hætta við kaupin á WOW air

**Stjórnarformaður Icelandair segir einhug um að hætta við kaupin á WOW air hafa ríkt innan stjórnarinnar. Hvorki var komið á hreint hver stór hlutur Skúla í Icelandair hefði orðið né hvort samkomulag næðist við skuldabréfaeigendur WOW air.**

„Annars vegar var ljóst að skilyrðin yrðu ekki uppfyllt og hins vegar teiknaðist upp sú staða að það var töluvert meiri áhætta en menn töldu þegar þeir lögðu af stað. Þegar þetta tvennt lagðist saman þá var niðurstaðan augljós,“ segir Úlfar Steindórsson, stjórnarformaður Icelandair, í samtali við Fréttablaðið.

Fallið hefur verið frá kaupum Icelandair Group á WOW air en Icelandair greindi frá því fyrr í vikunni að ólíklegt væri að allir fyrirvarar í kaupsamningnum, sem var undirritaður 5. nóvember, yrðu uppfylltir fyrir hluthafafund félagsins sem haldinn verður í dag. Aðspurður segir Úlfar að einhugur hafi verið á meðal stjórnarmanna Icelandair um ákvörðunina.

„Við sáum fram á að fyrirvararnir yrðu ekki uppfylltir og þurftum því að komast til enda í þessu máli. Við erum að reka Icelandair og þurfum að sinna því. Fyrst og síðast þurfum við að hugsa um hagsmuni félagsins,“ segir Úlfar en á meðal fyrirvaranna var áreiðanleikakönnun sem var framkvæmd af Deloitte.

„Við höfðum ekki séð áreiðanleikakönnunina sem slíka af því að það var ekki búið að klára hana formlega en við heyrðum atriði úr henni á síðustu dögum.“

**Það liggur alveg ljóst fyrir að þeir aðilar sem eru að skoða hótelin eru ekki að velta fyrir sér næstu mánuðum heldur næstu árum.**

Úlfar Steindórsson, stjórnarformaður Icelandair,



### Ekki búið að semja um afskriftir

Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær hefðu skuldabréfaeigendur WOW air getað þurft að samþykkja tugprósenta afskriftir af höfuðstól sínum til að kaup Icelandair á WOW air næðu fram að ganga. Úlfar segist ekki vita hvernig viðræðum á milli skuldabréfaeigenda og WOW um afskriftir hafi miðað.

„Það var algjörlega á forræði WOW air og við vitum ekki stöðuna á því. Við vitum bara að það var ekki búið að klára það,“ segir Úlfar og Bogi Nils Bogason, starfandi forstjóri Icelandair, hafði sömu sögu að segja í samtali við Fréttablaðið. „Nei, það var ekki komið á hreint,“ sagði Bogi.

Eins var ekki komið á hreint hversu stóran hlut Skúli Mogensen, forstjóri og eigandi WOW air, fengi í Icelandair en samkvæmt kaupsamningnum gat Skúli fengið á bilinu 1,8 til 6,6 prósent hlutafjár í Icelandair. Það réðist af niðurstöðu áreiðanleikakönnunarinnar.

„Það var heldur ekki komin niðurstaða í það enda hluti af heildarmyndinni. Þess vegna vorum við að miða við það að endanleg niðurstaða gæti ráðist á föstudagsmorgni en síðan var þessi sameiginlega ákvörðun tekin af því að staðan á fyrirvörunum var með þeim hætti sem hún er,“ segir Úlfar.

### Lítil áhrif á hótelsöluna

Icelandair hóf nýlega formlegt söluferli á dótturfélagi sínu, Icelandair Hotels, en stefnt er að því að ljúka sölunni á fyrsta fjórðungi næsta árs. Aðspurður segir Úlfar að vissulega hafi verið rætt innan fyrirtækisins hver áhrifin yrðu ef allt fer á versta veg hjá WOW air.

„Hver sem niðurstaðan verður með WOW air þá verða einver áhrif til skemmri tíma en til lengri tíma eru þau minni og það liggur alveg ljóst fyrir að þeir aðilar sem hafa verið að skoða hótelin eru ekki að velta fyrir sér næstu mánuðum heldur næstu árum og áratugum. Þetta er stór fjárfesting.“

Þá þvertekur Úlfar fyrir að Icelandair hafi komið upplýsingum varðandi fjárhagsstöðu WOW air á framfæri við Samgöngustofu eins og fullyrt var við Fréttablaðið. „Samgöngustofa hefur aðgang að öllum upplýsingum sem hún þarf með beinum hætti þannig að hún þarf ekki milligöngu Icelandair eða nokkurs annars til að fá upplýsingar,“ sagði Úlfar.

Fréttablaðið spurði Boga Nils sömu spurninga og hann svaraði í svipuðum dúr. „Ég held að Samgöngustofa sé í sambandi við flugrekendur og geti kallað eftir gögnum en Samgöngustofa myndi aldrei kalla eftir gögnum frá þriðja aðila. Samgöngustofa er í beinu sambandi við WOW air með þeirra mál alveg eins og hún er í beinu sambandi við okkur um okkar mál,“ sagði Bogi Nils.

**thorsteinn@frettabladid.is**

# Sturtuveisla!



Rúnnaðir sturtuklefar úr hertu öryggisgleri. Rennihurðir með 16 stillanlegum hjólum sem auðvelt er að losa til að einfalda hreingerningu.
Heill panel fyrir blöndunartæki og sturtustangarsett. Sturtubotn með lausri svuntu og vatnslás fylgir.

Stærðir
80 x 80 cm.
90 x 90 cm.

**Verðdæmi**
**Stærð 80x80 cm**
**64.900**

Rúnnaðir sturtuklefar úr hertu öryggisgleri. Rennihurðir með 16 stillanlegum hjólum sem auðvelt er að losa til að einfalda hreingerningu. Heill hornlisti. Sturtubotn með lausri svuntu og vatnslás. Sturtustangasett fylgir.

Stærðir
80 x 80 cm.
90 x 90 cm.

**Verðdæmi**
**Stærð 80x80 cm**
**49.900**





Vandaðir sturtuklefar úr hertu öryggisgleri. Rennihurðir með 16 stillanlegum hjólum sem auðvelt er að losa til að einfalda hreingerningu. Heill hornlisti. Sturtubotn með lausri svuntu og vatnslás. Einnig fylgir sturtustangasett.

Stærðir
70 x 90 cm.

**Verð**
**Stærð 70x90 cm**
**73.900**

Sturtuklefi úr öryggisgleri með hvítu gleri í baki. Rennihurð með 8 stillanlegum hjólum sem auðvelt er að losa til að einfalda hreingerningu.
Heill glerpanel fyrir blöndunartæki og sturtustangarsett. Sjampóhilla fylgir. Sturtubotn með lausri svuntu og vatnslás.

Stærð
90 x 90 cm.

**Verð**
**Stærð 90x90 cm**
**83.900**



## Gæði, úrval & gott verð

Opið virka daga frá 9 til 18
laugardaga 11 til 15
Ármúla 31 - Sími 588 7332

**i-t.is**

INNRÉTTINGAR & TÆKI









WOW air flýgur með fjölda ferðamanna til landsins. „WOW air flytur um fjórðung farþega til landsins og skammtímaáhrifin eru óhjákvæmilega til staðar," segir Jón Bjarki Bentsson, aðalhagfræðingur Íslandsbanka. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Bjartsýnn á að önnur flugfélög fylli í skarðið

**Aðalhagfræðingur Íslandsbanka segist bjartsýnn á að höggið á efnahagslífið við mögulegt brotthvarf félagsins yrði viðráðanlegt og að ferðaþjónustan og hagkerfið myndu rétta úr kútnum fyrr en seinna. Greinandi Capacent segir að ef WOW air verði gjaldþrota standi Icelandair Group með pálmann í höndunum.**


Helgi Vífill Júlíusson
helgivifill@frettabladid.is




Jón Bjarki Bentsson, aðalhagfræðingur Íslandsbanka, segist vera bjartsýnn á að önnur flugfélög myndu fylla í skörðin sem myndist ef svo illa færi að WOW air hætti rekstri. Enda sé samkeppnin í flugi til landsins virk. „Það myndi skipta miklu máli svo innlend ferðaþjónustufyrirtæki verði ekki fyrir búsifjum." Hann sé bjartsýnn á að höggið á efnahagslífið við mögulegt brotthvarf félagsins yrði viðráðanlegt og að bæði ferðaþjónustan og hagkerfið í heild myndu rétta úr kútnum fyrr en seinna.

„Til mjög skamms tíma gæti orðið talsverð fækkun á ferðamönnum en það skiptir öllu máli í þessu samhengi hvort verið sé að tala um daga eða mánuði," segir hann. „Ég hef ekki skoðun á hversu líklegt er að WOW air verði gjaldþrota. En ef svo færi, hefði það vissulega áhrif á efnahagslífið. WOW air flytur um fjórðung farþega til landsins og skammtímaáhrifin eru óhjákvæmilega til staðar."

Hann segir að hagkerfið hafi sýnt það undanfarinn áratug að það hafi mikla burði til að takast á við áföll bæði hvað varðar viðbrögð á vinnumarkaði og stjórnvöld búi að þeirri reynslu síðasta áratugar hvernig megi styrkja viðnámsþróttinn í efnahagslífinu.

**Margir að tala sig í annað hrun**

Snorri Jakobsson, greinandi hjá Capacent, segir að margir séu að tala sig inn í annað fjármálahrun. Staðan sé víða nokkuð góð, hótel í Reykjavík séu til dæmis uppbókuð. Fari svo að WOW air verði gjaldþrota myndi það líklegast leiða til lítils háttar samdráttar sem verði eins og hver annar snjóskafl sem við höfum farið í gegnum. „Fyrirtækin sem standa illa munu eflaust ekki lifa það af en það er gangur lífsins. Lánveitendur til ferðaþjónustu gætu setið eftir með sárt ennið."

Hann segir að ef WOW air verði gjaldþrota standi Icelandair Group með pálmann í höndunum enda njóti aðalkeppinautarins ekki lengur við. Enn fremur hafi ytra umhverfið batnað með lækkandi olíuverði og lægra gengi krónu. „Oft er það vanmetið hvað sameiningar geta reynst dýrar. Auk þess er WOW air rekið með töluverðu tapi. Sameining hefði því verið erfið fyrir Icelandair Group."

## Yrði væntanlega erlendur fjárfestir

Snorri Jakobsson, greinandi hjá Capacent, segir að það sé hæpið að erlent flugfélag muni kaupa WOW air á næstu dögum. „Það yrði að vera erlendur fjárfestir með djúpa vasa," segir hann. Nú sé WOW air í kapphlaupi við tímann. „Eins og fólk tekur innistæður úr bönkum sem sagðir eru standa illa kaupir fólk ekki flugmiða af flugfélagi sem stendur höllum fæti. Hvað er hægt að reka flugfélagið lengi með hálftómum flugvélum? Forsvarsmenn fyrirtækisins hafa tapað í viðræðum við Icelandair þremur og hálfri viku sem var mjög mikilvægur tími."

> Til mjög skamms tíma gæti orðið talsverð fækkun á ferðamönnum en það skiptir öllu máli í þessu samhengi hvort verið sé að tala um daga eða mánuði.

Jón Bjarki Bentsson, aðalhagfræðingur Íslandsbanka



> Oft er það vanmetið hvað sameiningar geta reynst dýrar.

Snorri Jakobsson, greinandi Capacent



**Ólíklegt að ríkið eignist WOW**

Að sögn Jóns Bjarka eru Icelandair Group og WOW air skilgreind sem kerfislega mikilvæg fyrirtæki. Honum þykir ólíklegt að ríkið muni stíga inn í hluthafahóp WOW air. „Hættan af keðjuverkun er ekki með sama hætti og þegar til dæmis kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki fara í þrot. Það er enn fremur vafasamt fordæmi fyrir ríkið þegar efnahags- og fjármálastöðugleika er ekki beinlínis ógnað með snjóboltaáhrifum og keðjuverkun," segir hann.

Jón Bjarki segir að það yrði óheppilegt ef stjórnvöld myndu skerast í leikinn með því að veita ríkisábyrgð á lán eða með öðrum slíkum stuðningi. „Það yrði vafasamt fordæmi. Það kann almennt ekki góðri lukku að stýra ef ríkið leikur bjargvætt atvinnulífsins. Hlutverk þess væri mun frekar að liðka fyrir því að ferðaþjónustunni í heild sé gert sem léttast að bregðast við slíkum skelli og tryggja ábyrga hagstjórn, t.d. með innspýtingu í opinbera fjárfestingu ef kreppir að tímabundið."

**Treystir á að ríkið bjargi krónunni**

Snorri óttast ekki að ríkið muni bjarga WOW air. Það væri óréttlætanlegt að bjarga einkaflugfélagi. „Ég er hræddur um að krónan gæti fallið skarpt ef WOW air verður gjaldþrota og treysti á að ríkið komi í veg fyrir að gengið veikist of mikið þannig að verðbólgan fari ekki á flug," segir hann.

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

blómaval

Opið til
21:00
alla daga til jóla
í Skútuvogi

# ALLAR VÖRUR*

# TAX FREE

# AÐEINS Í DAG

Allar vörur á Tax Free | Opið til 21:00 í Skútuvogi

## Tax Free af öllum vörum í Húsasmiðjunni og Blómavali, aðeins í dag

**Gildir einnig í vefverslun husa.is**

Sjá afgreiðslutíma á husa.is

*Gildir ekki af vörum í timbursölu
*Gildir ekki af tilboðsvörum, WEBER grillum og Philips Hue snjalllýsingu
*Gildir ekki af vörum merktum „lægsta lága verði Húsasmiðjunnar“

Tax free tilboð jafngildir 19,35% afslætti af almennum vörum og 9,91% af matvörum.
Að sjálfsögðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs.



Gildir einnig í
vefverslun
husa.is

*Húsasmiðjan og Blómaval* ...gaman að gera fínt

# Stjórnin styður Ingu og krefst afsagna

**Stjórn Flokks fólksins vill helming þingmanna sinna af þingi. Sá helmingur hyggst hvergi fara. Formaðurinn sat heima í gær meðan aðrir þingmenn skemmtu sér með forseta Íslands.**

**STJÓRNMÁL** Stjórn Flokks fólksins skoraði í gær á alþingismennina Ólaf Ísleifsson og Karl Gauta Hjaltason að segja af sér þingmennsku ásamt öðrum trúnaðarstörfum fyrir flokkinn. Áskorunin var samþykkt á fundi flokksstjórnarinnar í höfuðstöðvum flokksins í Hamraborg.

Fréttir Stundarinnar og DV af samtali nokkurra þingmanna Miðflokksins og tveggja þingmanna úr Flokki fólksins voru á allra vörum í gær. Ummæli þingmannanna um þingkonur sérstaklega hafa vakið hörð viðbrögð bæði innan og utan þings. Samræður þingmannanna um Ingu Sæland, formann Flokks fólksins, varð tilefni fundarins í Hamraborg í gær.

Þingmenn Miðflokksins funduðu einnig í gær og eru í sárum að sögn Þorsteins Sæmundssonar, þingmanns flokksins. Fjórmenningarnir sem sátu samsætið á Klaustrinu sendu frá sér afsökunarbeiðni í gær. Engin merki eru um afsagnir vegna málsins. – aá





**Segi þingmennirnir af sér setjast Heiða Rós Hauksdóttir og Kolbrún Baldursdóttir á þing.**

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS Fleiri myndir frá Bessastöðum er að finna á +Plússíðu Fréttablaðsins. **Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.**

## Mútubrot varða allt að sex ára fangelsi

Í fréttum af samtali þingmannanna kemur fram að þingmaður Miðflokksins og fyrrverandi utanríkisráðherra fullyrðir að hann hafi gert Geir H. Haarde að sendiherra í Washington í greiðaskyni við Bjarna Benediktsson. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson hafi tekið undir það og að Bjarni hafi fallist á við hann að ef þetta gengi eftir ætti Gunnar inni hjá Sjálfstæðisflokknum.

**Í 128. gr. almennra hegningarlaga segir:**
„Ef opinber starfsmaður, alþingismaður eða gerðarmaður heimtar, tekur við eða lætur lofa sér eða öðrum gjöfum eða öðrum ávinningi, sem hann á ekki tilkall til, í sambandi við framkvæmd starfa síns, þá skal hann sæta fangelsi allt að 6 árum, eða sektum, ef málsbætur eru.“



Gunnar Bragi Sveinsson.

## Sigmundur telur aðgerða þörf vegna hlerana

Sigmundur Davíð lýsti áhyggjum af því á Facebook í gær að brotist hefði verið inn í síma einhvers þeirra Klaustursfélaga eða hlerunarbúnaði beitt og þannig hefðu þær upptökur náðst sem skekja nú stjórnmálalíf landsins.

„Ég man ekki eftir dæmi um slíkt í íslenskri stjórnmálasögu og aðeins einu dæmi frá Bretlandi. Það var þegar útsendarar blaðsins News of the World hleruðu símtöl stjórnmálamanna og annars þekkts fólks. Það athæfi var litið alvarlegum augum og gripið til aðgerða í samræmi við það. Ég vona að sú verði raunin á Íslandi líka,“ segir í Facebook-færslu Sigmundar frá í gær.

### Tjáningarfrelsi blaðamanna er ríkt

„Það kann að varða við hegningarlög að taka upp einkasamtöl og senda þau til fjölmiðla,“ segir Helga Þórisdóttir, forstjóri Persónuverndar, og segir ekki útilokað að sá sem taki upp símtöl með leynd gæti þurft að svara til saka í einkarefsimáli en almennt megi ekki taka upp samtöl manna á milli nema með samþykki þeirra sem á upptökunni heyrast.

Hún segir að um leið og gögnin eru komin til fjölmiðils taki önnur sjónarmið við. Þá fari að vegast á tjáningarfrelsi og friðhelgi einkalífs sem hvort tveggja eru stjórnarskrárvarin réttindi. Í því mati geti skipt máli hvort sá sem um ræðir er opinber persóna eða ekki og hvort upptakan er af einkaheimili eða af almannafæri.


85 ÁRA HEKLA



5 ára ábyrgð

Á 85 árum hefur HEKLA verslað með raftæki, vinnuvélar, sjampó, rakvörur, þurrkaðar apríkósur og bíla, eða löngu fyrir þann tíma er eðlilegt var að nefna „gjaldeyris- og innflutningsleyfi“ í bílaauglýsingum og orðið „jeppi“ var nýyrði í gæsalöppum.

Vörumerki eins og Hudson, Kenwood, Caterpillar, Remington, Servis, Rambler, International, Land Rover, Bendix og John Deere voru nánast hilluvara hjá HEKLU þegar vel áraði á landinu bláa en smám saman færðist fókusinn á bíla einvörðungu.

Önnur vara s.s. þvottavélar, ísskápar, hrærivélar, dísilvélar fyrir báta og múgavélar hurfu úr vöruúrvali HEKLU og þá þótti við hæfi að birta tilkynningar sem þessa í dagblöðum: Það tilkynnist hér með að frá og með 1. apríl hættum við sölu á Gillette rakvélablöðum, rakakremi og rakvélum.[1956]

**Kemur á óvart**[2000] sagði í gamalli Škoda auglýsingu. Þau orð eru í fullu gildi enn í dag og hefur Škoda tekið risaskref inn í tækniheim samtímans.

Nýjustu meðlimir Škoda eru jepparnir Kodiaq og Karoq sem smellpassa inn í rammíslensku klisjuna „hannaðir fyrir íslenskar aðstæður“ og koma sannarlega á óvart.



Fabia TILBOÐSVERÐ FRÁ 1.990.000 KR



Scala Væntanlegur



Octavia Combi Scout 4x4 TILBOÐSVERÐ FRÁ 5.050.000 KR



Superb FRÁ 4.690.000 KR



Kodiaq 4x4 FRÁ 5.790.000 KR



Kodiaq Scout 4x4 Væntanlegur

# Óeining um ritskoðaða Kínaleitarvél Google

**Starfsmenn Google eru sundraðir vegna áforma fyrirtækisins um að koma á fót ritskoðaðri leitarvél fyrir Kínamarkað. Google yfirgaf kínverskan markað fyrir átta árum. Verkefnið sagt framleiðsla á kúgunartæki fyrir kínversk stjórnvöld.**

**TÆKNI** Djúp gjá hefur myndast á milli þeirra starfsmanna leitarvélarrisans Google sem eru hrifnir af þróun leitarvélar fyrir Kínamarkað og þeirra sem eru andvígir. Þetta kemur fram í umfjöllun hjá bæði Techcrunch og The Verge.

Verkefnið, sem kallast Dragonfly, hefur verið umdeilt alveg frá því fyrst var fjallað um það í ágúst síðastliðnum. Kínversk leitarvél Google verður nefnilega ritskoðuð í takt við stefnu stjórnvalda. Með þróun leitarvélarinnar kemst Google hins vegar aftur inn á Kínamarkað eftir átta ára útlegð.


Það eru ekki allir starfsmenn sáttir við áformin. NORDICPHOTOS/GETTY

Stjórnmálamenn á borð við varaforseta Bandaríkjanna, mannréttindabaráttufólk, fyrrverandi starfsmenn og fjölmargir aðrir hafa lýst yfir efasemdum sínum um siðferði verkefnisins. Google hefur ítrekað neitað að tjá sig um Dragonfly og hefur, samkvæmt The Verge, sagt að verkefnið sé á tilraunastigi og að leitarvélin sé ekki að fara í loftið í nánni framtíð.

Strax í upphafi kröfðust um 1.400 starfsmenn Google þess í bréfi að fá frekari upplýsingar um verkefnið. Nú, mánuðum síðar, hafa um 530 starfsmenn undirritað bréf þar sem lýst er yfir andstöðu við Kínaleitarvélina. Flestir sem skrifa undir eru hugbúnaðarverkfræðingar og forritarar. „Við neitum að þróa tækni sem gerir valdafólki auðveldara að kúga hina berskjölduðu. Kínverska ríkisstjórnin er ekki sú eina sem vill hindra tjáningarfrelsið og nota eftirlitstækni til þess að bæla niður andstöðu. Markaðssetning Dragonfly í Kína myndi gefa hættulegt fordæmi og gera Google erfitt að neita fleiri ríkjum um að ritskoða leitir,“ sagði meðal annars í bréfinu.

Á hinn bóginn hafa um 500 undirskriftir safnast innan Google til stuðnings Dragonfly. Techcrunch fékk afrit af bréfinu og var meginstefið það að verkefnið væri í samræmi við þá hugsjón Google að auka aðgengi að upplýsingum.

„Hvergi eru fleiri internetnotendur en í Kína en samt stendur þjónusta Google Kínverjum ekki til boða. Þetta ástand gengur í berhögg við verkefni okkar sem gengur út á að gera upplýsingar aðgengilegar. Google ætti að halda áfram vinnu sinni að því að komast að því hvernig hægt er að bjóða kínverskum notendum þjónustu okkar,“ sagði í því bréfi.

**thorgnyr@frettabladid.is**


FÁNAR
LÍMMIÐAR
AUGLÝSINGASKILTI
Þú hannar og pantar á vefnum hjá okkur.
Við gefum hugmyndum þínum vængi sem sjást.
FjölPrent
Gefur hugmyndum vængi
Fjölprent
Norðlingabraut 14
fjolprent.is
S. 581 4141

Vatnskælar á frábæru verði
25-35% Afsláttur
Kælitækni
• Keyptann og eigðann
• Ekkert mánaðargjald
• Lítið viðhald
• Sjá nánar á heimasíðu Kælitækni www.kaelitaekni.is
Rauðagerði 25 · 108 Reykjavík · Sími 440 1800 · kaelitaekni.is

ŠKODA AÐ YÐAR EFNAHAG

Octavia G-Tec Væntanlegur
Octavia TILBOÐSVERÐ FRÁ 3.650.000 KR
Octavia Combi TILBOÐSVERÐ FRÁ 3.790.000 KR
Superb Combi FRÁ 4.870.000 KR
Superb L&K FRÁ 6.890.000 KR
Karoq FRÁ 4.690.000 KR
Kodiaq RS 4x4 Væntanlegur

Opið á morgun 12-16

KOMIÐ Í BÍLTÚR
Þér finnið alltaf einn Škoda að yðar seðlaveski.

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Sími 590 5000 · Hekla.is
85 ÁRA









FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Á mannamóti í mótvindi

Þingmenn hópuðust á Bessastaði í gærkvöldi þar sem Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, hélt veislu í tilefni af 100 ára afmæli fullveldisins. Eins og sjá má á þessum myndum þá gustar ekki aðeins um þingmenn Miðflokks og Flokks fólksins sem orðið hafa uppvísir að kvenfyrirlitningu, heldur þurftu allir þingmenn að takast á við mótvind þegar þeir gengu inn í forsetabústaðinn í gær.








Michael Cohen, fyrrverandi lögmaður Trumps. NORDICPHOTOS/GETTY

## Cohen játar annan glæp

**BANDARÍKIN** Michael Cohen, fyrrverandi persónulegur lögmaður Donalds Trump Bandaríkjaforseta, játaði í gær að hann hefði logið að bandaríska þinginu þegar hann sendi frá sér skriflega yfirlýsingu um fasteignaviðskipti Trump-veldisins í rússnesku höfuðborginni Moskvu. „Ég laug til þess að vera í samræmi við pólitískar yfirlýsingar einstaklings númer eitt og vegna hollustu við einstakling númer eitt,“ hafði Reuters eftir Cohen en lögmaðurinn hefur áður sagt Trump vera téðan einstakling númer eitt.

Yfirlýsingin var send þinginu árið 2017. Í henni sagði að vinnu við fasteignaverkefni hefði verið hætt í janúar 2016. Hið rétta er, samkvæmt framburði Cohens í gær, að sú vinna hélt áfram þar til í júní. Cohen tók að auki fram að hann hefði áður sagst hafa verið í litlu samráði við Trump en hið rétta væri að samráðið hefði verið meira en áður var gefið í skyn.

Þetta er ekki fyrsti glæpurinn sem Cohen játar á sig á árinu en hann hefur verið undir smásjá Roberts Mueller, sérstaks saksóknara, sem rannsakar meint afskipti Rússa af forsetakosningunum 2016 og meint samráð þeirra við framboð Trumps. Í ágúst játaði Cohen að hann hefði gerst brotlegur við lög um fjármögnun kosninga með þöggunargreiðslum til meintra hjákvenna forsetans.

Forsetinn brást reiður við játningu Cohens. „Hann er veikgeðja maður og ekkert sérlega klár. Hann hefur nælt sér í langan fangelsisdóm og hann er að reyna að stytta hann með því að skálda þessa sögu. Þessi samningur átti sér ekki stað. Það var enginn samningur. Þetta var eitthvað sem ég ákvað að fylgja ekki eftir.“ – **þea**

# Aflýsa fundi vegna herteknu skipanna

**Forseti Bandaríkjanna mun ekki setjast niður með Rússlandsforseta á G20-fundinum sem hefst í dag. Ástæðan er hertaka þriggja skipa og rúmlega tuttugu sjóliða á Asovshafi um síðustu helgi. Úkraínuforseti kallar eftir aðstoð NATO.**

**ÚKRAÍNA** Donald Trump, forseti Bandaríkjanna, aflýsti í gær fundi sem hann átti bókaðan með Vladímír Pútín, forseta Rússlands, er fram átti að fara á G20-fundinum sem hefst í Buenos Aires í Argentínu í dag.

„Þar sem Rússar hafa ekki skilað herskipum og sjóliðum Úkraínu aftur heim hef ég ákveðið að það sé best fyrir alla hlutaðeigandi að aflýsa fundinum með Vladímír Pútín forseta. Ég hlakka til þess að eiga mikilvægan fund þegar búið er að leysa þetta mál,“ tísti forsetinn og vísaði þar til þess að Rússar hertóku þrjú úkraínsk herskip og á þriðja tug sjóliða á Asovshafi

Úkraína segist ekkert hafa gert til að storka Rússum en Rússar segja úkraínsku herskipin hafa siglt inn í rússneska landhelgi. Volodímír Omeljan, innviðaráðherra Úkraínu, sagði frá því í gær að Rússar hefðu svo gott sem sett úkraínsku hafnarborgirnar Berdíjansk og Maríúpol við Asovshaf í herkví í gær. 35 skipum hafi verið meinað að sigla úr höfn.


Trump er greinilega ósáttur við Pútín Rússlandsforseta. NORDICPHOTOS/AFP

Herlög eru í gildi víða í Úkraínu vegna málsins. Petro Porosjenko, forseti Úkraínu, sagði í gær að ferðafrelsi samlanda sinna, heimildir til fjárúttekta eða gjaldmiðlaviðskipta yrði ekki skert vegna herlaganna. Annað gilti hins vegar um Rússa í Úkraínu. „Það verða einhverjar þvinganir gegn rússneskum ríkisborgurum og ég tel það fullkomlega réttlætanlegt.“

Porosjenko kallaði eftir því í gær í samtali við þýska fjölmiðla að Atlantshafsbandalagið (NATO) sendi herskip á Asovshaf til þess að vernda Úkraínu gegn Rússum. Bætti því við að Pútín vildi hernema gjörvalla Úkraínu. Ákallið er sagt liður í samhæfðri herferð Úkraínumanna fyrir frekari þvingunum gegn Rússum og fyrir frekari stuðningi við Úkraínu.

Angela Merkel, kanslari Þýskalands, sagði að Vesturlönd myndu setja á þvinganir gegn Rússum og að hún myndi ræða málið við Pútín á G20-fundinum. „Við gerum það ekki þvingananna vegna heldur til þess að koma því skýrt á framfæri að ríki eiga rétt á að stýra sér sjálf, óháð því hvort þau eiga landamæri að Rússlandi. Þetta er grundvallarprinsipp alþjóðalaga.“ **thorgnyr@frettabladid.is**



ICELANDAIR

# FJÓRFALDIR
# VILDARPUNKTAR

Vildarpunktasafnarar í Vinahópi Olís fá fjórfalda Vildarpunkta Icelandair hjá Olís og ÓB, dagana 30. nóv. til 2. des.



## FLUGFERÐ TIL USA

Heppnir viðskiptavinir sem dæla eldsneyti þessa helgi geta auk þess átt möguleika á að vinna annaðhvort flugferð fyrir tvo til Bandaríkjanna með Icelandair, á Saga Premium, eða 50 þúsund Vildarpunkta Icelandair.*

Vinahópur olís

*Aðeins dregið úr meðlimum Vinahóps Olís sem einnig eru félagar í Icelandair Saga Club.

Komdu í Vinahópinn á olis.is

# Ítalskt




Tilboð gilda út 2. desember

**Filotea sælkera pasta unnið eftir strangri ítalskri hefð Fljótlegt og einstakt á bragðið**

**699** kr/pk




**Bella Italia pasta þegar útlit og bragð skiptir máli**

verð frá **499** kr/pk




**Agromonte Pane & Pasta Frábært á pastað og á steinbakað súrdeigsbrauð**

verð frá **599** kr/stk




**Parmesan ostar í úrvali Beint frá ítalíu**

verð frá **799** kr/stk




**Lindor kúlur Kíktu á Lindor barinn í Smáralind, Kringlu og Garðabæ**

verð frá **799** kr/pk




**Ítalskar Panettone**

**1.199** kr/pk




**Fumagalli parmaskinka Ítölsk gæðavara Lífræna línan**

**899** kr/pk



**Opið allan sólarhringinn Garðabæ og Skeifunni**

# *Meira* svona *alla daga*




**15%** afsláttur

Smash Style hamborgarakrydd frá Íslandsnauti

**439** kr/stk

ÍSLANDS NAUT

## Smash Style

| 2 x 100 g | 2 x 120 g | 2 x 140 g | 2 x 250 g |
|---|---|---|---|
| **450** kr/pk | **501** kr/pk | **552** kr/pk | **1.104** kr/pk |
| Verð áður 529 | Verð áður 589 | Verð áður 649 | Verð áður 1.299 |

Fyrir sælkera borgara Stokes Relish

**599** kr/stk




**25%** afsláttur

Caj p´s folaldavöðvi

**2.624** kr/kg

Verð áður 3.499 kr/kg




**20%** afsláttur

Kjúklingalundir

**1.919** kr/kg

Verð áður 2.399 kr/kg




**15%** afsláttur

Kjúklingabringur

**2.039** kr/kg

Verð áður 2.399 kr/kg

# Rándýr lexía



Ólöf Skaftadóttir
olof@frettabladid.is

Enn á ný hangir framtíð Wow Air eins og mara yfir viðskiptalífinu, en Icelandair hefur fallið frá áformum um kaup á félaginu.

Skúli Mogensen, forstjóri Wow, lætur engan bilbug á sér finna og staðhæfir að flugáætlun félagsins fyrir komandi vetur standi. Fjármálastjóri Wow hefur gefið út að laun verði greidd um mánaðamót. Seint í gærkvöldi barst svo tilkynning frá Wow um að bandaríski framtakssjóðurinn Indigo Partners hygðist fjárfesta í félaginu. Engar nánari upplýsingar fylgdu en sjóðurinn hefur fjárfest í flugfélögum í Evrópu og vestanhafs.

Vonandi tekst Skúla ætlunarverkið og undirritar endanlega samninga við nýja fjárfestinn. Væntanlega þarf þó ýmislegt að ganga upp þannig að svo megi verða, m.a. að ekki finnist neinar verulegar beinagrindur í skápnum við áreiðanleikakönnun kaupanda.

Athygli vakti í vikunni að Wow losaði sig við fjórar vélar úr flota sínum. Þá virtist í gær sem Samgöngustofa væri komin í málið – stjórnvald sem tekur ákvörðun um hvort flugfélög uppfylli skilyrði flugrekstrarleyfis. Án slíks leyfis fer engin flugvél á loft.

Markaðurinn brást vitaskuld ekki vel við þessari óvissu. Nánast öll félög lækkuðu í Kauphöll í gær, og nam lækkun úrvalsvísitölunnar tæpum 3%. Miklar sveiflur voru á skuldabréfamarkaði.

Vonandi dugar tilkynning gærkvöldsins til að koma ró á markaðinn. Varla gengur að félag, ekki stærra en Wow Air, haldi öllu hagkerfinu í heljargreipum svo vikum skipti. Skyldi þó engan undra að svo sé enda gerir greining stjórnvalda vegna falls Wow Air ráð fyrir allt að 3% samdrætti í hagvexti og talsverði veikingu krónunnar fari svo að félagið leggi upp laupana.

Einmitt af þessari ástæðu veldur áhyggjum að stjórnvöld hafa virst ætla að sitja hjá í málinu. Einkum í ljósi þess að rekstrarvandræði Wow hafa verið fyrirséð um tíma, og raunar verið opinbert leyndarmál frá því á síðasta ári.

Í þessu samhengi má rifja upp aðgerðir þýskra stjórnvalda þegar ljóst var að Air Berlin væri óstarfhæft. Þýsk stjórnvöld, með samþykki evrópskra samkeppnisyfirvalda, lögðu Air Berlin til 150 milljón evra lán sem tryggja átti reksturinn til sex mánaða. Sá tími var nýttur til að selja eignir félagsins og sjá til þess að lágmarka tjón þýska hagkerfisins. Vel þótti takast til. Engin flug féllu niður. Lunganum af rekstrinum var komið í hendur Lufthansa.

Ljóst er að þær fjárhæðir sem leggja þyrfti til Wow Air væru mun lægri en sú fjárhæð sem þýska ríkið innti af hendi. Fjárfestingin væri tiltölulega léttvæg ef horft er til dæmis á eignatjónið sem lífeyrissjóðir hafa orðið fyrir vegna lækkandi eignaverðs að undanförnu.

Vitaskuld kynnu einhverjir að sitja eftir með hugmyndafræðilegt óbragð í munni, en spurningin sem stjórnvöld geta þurft að sitja frammi fyrir er einfaldlega eftirfarandi: Eru hægrimenn í ríkisstjórninni svo stífir á meiningunni að þeir ætli að tefla efnahagslegum stöðugleika í tvísýnu til að kenna landsmönnum rándýra lexíu?

Vonandi gerir tilkynning gærkvöldsins þessar vangaveltur óþarfar.

**Varla gengur að félag, þó ekki stærra en WOW air, haldi öllu hagkerfinu í heljargreipum svo vikum skipti.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Vont er þeirra jafnrétti**
**Stæk kvenfyrirlitning þingmanna Miðflokksins sem opinberaðist í annálaðri samdrykkju bendir til þess að á þeim bænum sé jafnréttisfagurgalinn sunginn með klofnum tungum. Gunnar Bragi Sveinsson talaði þannig um konur að vart er eftir hafandi, Anna Kolbrún Árnadóttir lét ekki sitt eftir liggja og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson átti einnig sín innskot. Sérkennilegt þar sem karlarnir tveir hafa talað fjálglega fyrir HeForShe og Sigmundur var talinn til helstu karlfemínista heims 2015. Anna Kolbrún var formaður aðgerðahóps um launajafnrétti kynjanna 2013–2016 og formaður Jafnréttissjóðs Íslands frá 2016. Margt er undrið.**

**Það kvað vera fagurt í Kakastan**
**Karlagrobb Gunnars Braga um snjallar leikfléttur sínar við skipan umdeildra sendiherra eru honum ekki til framdráttar frekar en annað sem hann lagði til málanna hið örlagaríka kvöld lausu málbeinanna. Hann telur Sjálfstæðisflokkinn skulda sér sendiherrastöðu fyrir að hafa snarað Geir H. Haarde til Washington. Spurning hvort ekki sé lag að innheimta greiðann strax og forða sér úr landi þegar stjórnmálaferillinn er flatari en bjór sem hefur staðið frá 20. nóvember. Guðlaugur Þór hlýtur að geta fundið eitthvað fyrir hann að gera í Kakastan. Nei, fyrirgefið, Kasakstan.**
**thorarinn@frettabladid.is**

# Nú er það súrt, maður



Ari Trausti Guðmundsson
2. varaformaður umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis

Sjór er ekki aðeins saltur og með mikið af öðrum uppleystum efnum. Hann er líka ólíkur ferskvatni að því leyti að sýrustig hans er með sérstökum hætti. Sjór er ekki veik sýra en stefnir í að verða það ef styrkur kolsýru í lofti heldur áfram að hækka hratt.

Allgóð gögn, allt frá 1983, eru til um breytingar á sýrustigi í sjó við Ísland. Mælingar á vegum Hafrannsóknastofnunar og Háskóla Íslands (iðulega í samstarfi við erlenda aðila) sýna ótvírætt hvert stefnir. Þær bera líka vott um framsýni vegna þess að súrnun sjávar er okkur ekki hagfelld. Súrnunin er raunar þekkt hvarvetna í heimshöfunum en ólík nokkuð eftir hafsvæðum. Heldur örari í köldum sjó en heitum, þar með talið hér við land. Áhrif hennar á lífverur sem treysta sína vist og viðgang með stoðgrind eða hjúp úr efnasamböndum með kalki eru líka kunn. Súrt sjávarumhverfi veldur því að efnin leysast upp. Nóg er að leggja krítarmola í edik til að sjá í hnotskurn hvað gerist, að vísu mjög hratt, enda borðedik miklu súrara en sjórinn getur orðið um langan aldur, ef nokkurn tíma.

Áhrif súrnunar sjávar nú á tímum hraðrar hlýnunar loftslags er áhyggjuefni. Einkum vegna þess að stór hluti matvæla í heiminum kemur úr sjó. Þýðing sjávarútvegs á Íslandi er öllum kunn. Til eru ritgerðir og skýrslur með fræðilegum vísbendingum, rökum og sviðsmyndum um hvað getur gerst ef heldur áfram sem horfir, án mótvægisaðgerða.

Enn vantar vandaða ritgerð eða skýrslu um margvísleg áhrif framvindunnar á íslenskan sjávarútveg. Slíkt innlegg er mikilvægt og skýrir umræðuna. Um verkefnið og fleira sem súrnunina varðar verður brátt rætt á Alþingi, í fyrirspurnatíma. Einnig verður að fara yfir hvernig auka má enn við samstarf vísindastofnana og stjórnvalda um allan heim í baráttu fyrir hratt minnkandi losun kolefnisgass en þar er að finna lykilinn að eðlilegu sýrustigi sjávar og lífvænlegu umhverfi í höfunum. Löndin á norðurheimskautssvæðinu eru í lykilstöðu.

**Áhrif súrnunar sjávar nú á tímum hraðrar hlýnunar loftslags er áhyggjuefni. Einkum vegna þess að stór hluti matvæla í heiminum kemur úr sjó.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálsson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Uppteknir menn á barnum

Í DAG



Þórlindur Kjartansson

Þegar maður hringir í þjónustuver stórra fyrirtækja er það gjarnan frekar af leiðinlegum en gleðilegum ástæðum. Yfirleitt hefur eitthvað ekki virkað sem skyldi eða of hár reikningur verið sendur. Innhringjandinn er pirraður. Í ofanálag er ekki óalgengt að bilanir valdi mjög mörgu fólki óþægindum á sama tíma þannig að blessað starfsfólk þjónustuveranna þarf ekki bara að eiga við fólk sem er ósátt við þjónustuna heldur er það líka brjálað yfir að þurfa að bíða lengi á línunni. Við slíkar aðstæður hefur það eflaust oft bjargað mér frá því að gera mig að fífli með heimtufrekju og dónaskap, að alúðleg rödd minnir mig á að samtalið sé hljóðritað.

Þegar maður veit að samtal er hljóðritað þá hegðar maður sér eftir því. Það sama á vitaskuld við þegar fólk kemur opinberlega fram. Flestir hafa vit á því að tempra hegðun sína og slípa þannig að hún valdi ekki öðrum ónauðsynlegum óþægindum eða leiðindum. Jafnvel þótt við teljum það flest vera ákveðið hrósyrði að fólk komi til dyranna eins og það er klætt; þá er ekki endilega víst að maður meini það í bókstaflegri merkingu. Við ætlumst að minnsta kosti frekar til þess að fólk slái um sig sloppi áður en það kemur til dyra ef það var af einhverjum ástæðum berrassað þegar dyrabjallan hringdi.

### Tvær útgáfur

Við gerum öll ráð fyrir því að einhver munur sé á þeirri mynd sem fólk gefur af sér út á við, og því hvernig það er þegar enginn sér til. Við erum í raun að minnsta kosti tvær persónur; einkapersóna og opinber persóna. Í þessu felst vitaskuld ýmiss konar ósamræmi. Einkapersónan segir og hugsar alls konar hluti sem opinbera persónan myndi ritskoða. Einkapersónan getur reiðst og hugsað illa til jafnvel sinna allra nánustu án þess að þær tilfinningar eigi eitthvert erindi til að vera bornar á torg, þær bara jafna sig og eðlilegt ástand kemst á sálarlífið. Ég geri til dæmis fastlega ráð fyrir að jafnvel mínir allra bestu vinir hafi átt það til í gegnum tíðina að bölva mér í sand og ösku út af einhverju sem ég hef gert eða sagt; ég hef svo sannarlega talið mig hafa haft ástæðu til þess að bölva þeim í sand og ösku öðru hverju. En það breytir auðvitað engu um vináttuna og kærleikann þótt stundum slettist upp á vinskap og vínskáp.

Ef munurinn verður of mikill á því sem maður segist vera opinberlega, og því sem maður er þegar enginn sér til, þá kallast það hræsni—og ef einkahegðun fólks er þveröfug við það sem það heldur fram opinberlega, þá er það til marks um einhvers konar veruleikafirringu eða siðblindu. Dæmi um þetta eru til dæmis siðapostular sem telja aðra fyrir syndir sem þeir sjálfir drýgja á laun.

### Djammviskubit ársins

En líklega er enginn svo tandurhreinn í sálinni að ekki sé einhver munur á því hvernig hann hugsar og hegðar sér í einrúmi eða meðal traustra vina—og því hvernig mynd hann dregur upp af sjálfum sér gagnvart öðrum. Við eigum flest til að vera meiri fávitar en við viljum kannast við og reynum eflaust að skýla öðru fólki við hvimleiðustu hliðunum á sjálfum okkur.

En stundum gerist það að kastljósinu er varpað á fólk á allra óheppilegasta tíma. Og boj-ó-boj ætli þeir hafi örlítið djammviskubit þingmennirnir sem teknir voru upp á fylleríi að úttala sig um samstarfsfólk sitt? Það er reyndar ævintýralegt hversu ógeðfelldur talsmáti sumra þeirra var. Sjaldan hefur verið talað jafnilla um jafnmarga á jafnstuttum tíma. Þó veit ég reyndar ekki betur en þessir menn séu hinir ágætustu, svona að minnsta kosti hver í sínu lagi og edrú. Hið ógeðfellda fylleríisraus þeirra er þeim auðvitað til skammar, enda virðast þeir skammast sín. En það er ágætt að hafa í huga að upptakan segir ekki nálægt því alla söguna um neinn þeirra.

### Illmælgi

Eflaust er til fólk sem heldur að pólitík dragi fram það besta í fólki. Það er þó ekki mín reynsla. Hafandi starfað umtalsvert í kringum stjórnmál þekki ég ágætlega hversu landlægt það er í pólitík að fólk tali ofboðslega illa um hvert annað. Bæði man ég eftir að sárt var að verða fyrir slíku og ekki síður hversu aumt það er að gerast sekur um það. Þótt ég muni ekki eftir jafnsvæsnu tali og nú er útvarpað útum allt; þá held ég það sé hæpið að fullyrða að það sé algjört einsdæmi.

Hafandi heyrt þessa hörmung get ég ekki annað en verið ánægður með að hafa aldrei látið mér detta í hug að kjósa þessa tilteknu þingmenn, og ef ég væri náinn þeim myndi ég líklega ráðleggja þeim að koma sér umsvifalaust úr umhverfi sem dregur fram þessar hliðar á þeim—jafnvel þótt það sé bara á fylleríum.

### Þetta fyllerí er hljóðritað

Það er ekki nema í algjörum undantekningartilfellum sem nauðsyn brýtur lög, og enn sjaldnar helgar tilgangurinn meðalið. Þótt innsýn margra í áfengisvímaðan hugarheim nokkurra þingmanna sé áhugaverð þá má ekki líta fram hjá því hversu óhugnanlegar afleiðingar á samfélagið það getur haft ef látið er átölulaust þegar fólk er hlerað í leyni á öldurhúsum. Vissulega fá þingmennirnir engin sérstök gáfnaprik fyrir að básúna heimskulegt tal sitt inni á veitingastað, en það breytir því ekki að á þeim var brotið þegar þeir voru leynilega hljóðritaðir og gögnin send til birtingar í fjölmiðlum.

Það er ekki að ástæðulausu að símsvararnir hjá stórfyrirtækjum gefa manni aðvörun áður en byrjað er taka upp samtalið við þjónustufulltrúana. Þingmennirnir hefðu líklega ekki talað svona ógætilega ef þeir hefðu fengið sambærilega viðvörun. Og þar sem ég efast um að margir hafi áhuga á að heyra meira af því sem þessir herramenn blaðra sín á milli þegar þeir eru fullir og halda að enginn heyri til legg ég til að einhver ábyrgur borgari mæti að borðinu þeirra með áberandi upptökutæki næst þegar þessi hópur dettur í það, og hlífi okkur við annarri eins uppákomu.

# Hvenær er maður saklaus?



Jón Kjartan Jónsson
faðir, eiginmaður og framkvæmdastjóri fiskeldis Samherja

Það þarf ekkert að vorkenna okkur. Reksturinn gengur vel, fyrirtækið er flott með frábæra starfsmenn og eigendur. Fyrir mörg okkar er þetta fyrirtæki og starfsmenn þess hluti af fjölskyldu okkar. Þannig hefur það verið í áratugi. Þegar sótt er að fjölskyldum standa þær saman. Þannig hefur okkur öllum tekist að standa saman gegnum þennan endalausa aurburð frá einni af æðstu stofnun þjóðarinnar. Við töldum okkur allan tímann hafa verið að vinna af samviskusemi í samræmi við síbreytilegar reglur sem settar voru til að vernda þjóðarhag.

Þann 27. mars 2012 var framkvæmd stærsta húsleit Íslandssögunnar hjá okkur, í beinni útsendingu RÚV, útvarpi allra landsmanna! Á meðan á henni stóð fengum við hringingar víða að úr heiminum frá fólki sem hafði séð fréttatilkynningu, ýmist á íslensku eða ensku, frá Seðlabanka Íslands um hvað stæði til. Allt starfsfólk skrifstofunnar var í nokkurs konar „stofufangelsi" í hálfan sólarhring meðan á húsleitinni stóð undir vökulu eftirliti tugа aðstoðarmanna Seðlabankans, til að vernda rannsóknarhagsmuni.

Við héldum stuttan starfsmannafund daginn eftir með þeim sem lentu í húsleitinni. Þar sagði lögmaður okkur, að miðað við umfangið á leitinni þá skyldum við ekki láta okkur dreyma um að það tæki minna en þrjú ár að leiða málið til lykta. Þegar upp var staðið reyndust árin nærri sjö. Í einfeldni okkar töldum við að þetta yrði fljótafgreitt þegar hið sanna kæmi í ljós.

Lögmaðurinn sagði fleira, en við töldum dómsdagsspár hans vera fjarstæðukenndar. Það leið þó ekki á löngu áður en við gerðum okkur grein fyrir að allt sem lögmaðurinn spáði þennan dag ætti eftir að koma fram. Það yrði aldrei hætt og allt yrði reynt til að koma höggi á okkur. Við áttum að vera óvinur þjóðarinnar sem stjórnmálamenn og stofnanir skyldu taka í gegn hvað sem það kostaði. Mikið var reynt til að koma fram okkar hlið málsins og bjóða samvinnu við yfirferð gagna, allt undir dúndrandi óhróðri virðulegu valdhafanna á Svörtuloftum í fjölmiðlum og víðar. Árin liðu hvert af öðru og alltaf var haldið áfram. Við misstum góða menn þegar á okkur voru bornar rangar sakagiftir, sem enginn á að þurfa að sitja undir. Það tjón verður aldrei bætt. Útúrsnúningar opinberu valdhafanna voru svo framandi að líkja má við vísindaskáldsögur. Orðstír okkar sem einstaklinga, fyrirtækis, stjórnenda og starfsmanna, var undir árásum í mörg ár. Hér starfar margt fólk sem á sínar fjölskyldur og tekur það til sín þegar handhafar opinbers valds fara fram með þessum hætti.

> Valdi fylgir ábyrgð sem ber að taka alvarlega. Í dag erum við ekki að biðja um neitt annað en að þeir sem gróflega misnotuðu vald sitt verði látnir sæta ábyrgð gjörða sinna.

Þessu máli er loksins lokið með fullnaðarsigri okkar. Ekkert „lagalegt klúður" heldur erum við saklaus vegna þess að engin brot voru framin. Fyrir sigrinum eru tvær ástæður sem fólk þarf að hafa í huga. Við erum svo heppin að vera með menn í stafni sem gefast aldrei upp. Hin ástæðan er sú, að við erum vel rekið fyrirtæki sem hefur fjármuni og getu til að verjast. Fæstir búa við þann munað, því miður.

Valdi fylgir ábyrgð sem ber að taka alvarlega. Í dag erum við ekki að biðja um neitt annað en að þeir sem gróflega misnotuðu vald sitt verði látnir sæta ábyrgð gjörða sinna. Ástæða þess er augljós. Það þarf að koma í veg fyrir að svona gerist aftur. Það gæti verið að þú, lesandi góður, lendir í því alveg eins og við. Það er bara spurning hver á næst að vera „hann" eða „hún" að mati valdhafanna. Vonandi verður það ekki þú.



# Lykilskot rötuðu ekki rétta leið

**Slæm skotnýting varð íslenska karlalandsliðinu í körfubolta að falli þegar liðið beið ósigur gegn Belgíu í leik liðanna í Laugardalshöllinni í gærkvöldi. Varnarleikurinn var afar öflugur og sóknarleikurinn hraður og skemmtilegur.**


Hörður Axel Vilhjálmsson skoraði tíu stig fyrir Ísland í tapinu fyrir Belgíu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**KÖRFUBOLTI** Leikur Íslands og Belgíu í forkeppni í undankeppni Evrópumótsins í körfubolta karla var jafn og spennandi allt fram að lokahluta leiksins. Sterkt lið Belga seig þá fram og fór að lokum með 79-66 sigur af hólmi.

Hlynur Bæringsson fór fremstur í broddi fylkingar í jöfnu liði Íslands, en hann skoraði 14 stig og tók þar að auki sjö fráköst. Elvar Már Friðriksson og Hörður Axel Vilhjálmsson komu þar á eftir með 10 stig hvor, en þeir stóðu sig feikilega vel í því að fylla það stóra skarð sem Martin Hermannsson skilur eftir sig vegna meiðsla sinna.

Íslenska liðið hóf leikinn af miklum krafti, en Belgar tóku frumkvæðið með góðum kafla sínum í öðrum leikhluta. Munurinn var hins vegar aldrei mikill og Ísland hefði hæglega getað tryggt sér mikilvæg tvö stig ef skotnýting liðsins hefði verið aðeins betri.

Belgar eru eftir þennan sigur með fullt hús stiga eftir tvo leiki, Portúgal með einn sigur og eitt tap og Ísland án sigurs í þriðja sæti. Efsta liðið kemst áfram í undankeppni mótsins, en liðin sem hafna í öðru og þriðja sæti fara í 12 liða umspil um fjögur laus sæti í lokakeppninni. Belgar eru komnir í lykilstöðu í riðlinum eftir þennan sigur, en ekki er öll von úti enn í þessum riðli og annað tækifæri fari svo að íslenska liðið nái ekki toppsætinu.

Hörður Axel Vilhjálmsson leikstjórnandi íslenska var ánægður með frammistöðu íslenska liðsins í leiknum, en eðlilega svekktur með úrslitin.

„Mér fannst frammistaðan bara mjög góð, en úrslitin voru að sjálfsögðu mjög svekkjandi. Uppleggið hjá okkur sem var að spila hraðan og vel flæðandi sóknarleik gekk vel upp, við hittum bara ekki nógu oft til þess að ná að knýja fram sigur,“

| ÍSLAND | BELGÍA |
|---|---|
| 66 | 79 |
| 34 | 43 |

**Stig Íslands:** Hlynur Bæringsson 14/7 fráköst, Elvar Már Friðriksson 10, Hörður Axel Vilhjálmsson 10/6 stoðsendingar, Tryggvi Snær Hlinason 8/6 fráköst, Kristófer Acox 8, Jón Arnór Stefánsson 7/6 stoðsendingar, Ólafur Ólafsson 4, Hjálmar Stefánsson 3, Ægir Þór Steinarsson 2.

sagði Hörður Axel Vilhjálmsson sem stýrði sóknarleiknum með styrkri hendi í leiknum.

„Þessi spilamennska var einkum og sér í lagi góð í ljósi þess að við vorum að leika án Martins [Hermannssonar] og Hauks Helga [Pálssonar] sem eru lykilleikmenn í okkar liði. Við náðum að koma mörgum leikmönnum inn í sóknarleikinn og það voru margir leikmenn sem lögðu í púkkið. Þrátt fyrir að vera komnir í erfiða stöðu í riðlinum að hafa langað mikið til þess að galopna riðilinn með sigri í þessum leik þá förum við með kassann upp úr þessum leik og getum klárlega byggt á honum í næstu leikjum,“ sagði hann enn fremur.

„Við töpum bara með tveimur stigum úti í Portúgal og vissulega með 13 stigum í þessum leik sem var of mikið miðað við þróunina í leiknum. Mér finnst líka mjög jákvæður punktur hvað Tryggvi Snær [Hlinason] hefur bætt sig mikið hjá nýja liðinu sínu. Hann er að bæta sig mikið í fótavinnunni, leikskilningi og í að sækja á körfuna. Við náðum vel saman í þessum leik og það var mjög gaman að spila með honum,“ sagði Hörður Axel að lokum. **hjorvaro@frettabladid.is**

**8**

**sinnum skiptust liðin á forystunni í leiknum.**

# Öruggt hjá ensku liðunum

**FÓTBOLTI** Lundúnaliðin Arsenal og Chelsea lentu ekki í miklum vandræðum í leikjum sínum í Evrópudeildinni í gærkvöldi.

Arsenal vann 0-3 sigur á Vorskla Poltava í Úkraínu. Emile Smith-Rowe, Aaron Ramsey (víti) og Joseph Willock skoruðu mörk Arsenal sem er með 13 stig á toppi E-riðils. Í sama riðli tapaði Qarabag 1-6 fyrir Sporting á heimavelli. Hannes Þór Halldórsson stóð á milli stanganna hjá Qarabag.

Chelsea rúllaði yfir PAOK, 4-0, á Stamford Bridge. Oliver Giroud skoraði tvívegis og Callum Hudson-Odoi og Álvaro Morata sitt markið hvor. Chelsea hefur unnið alla leiki sína í L-riðli með markatölunni 10-1. **– iþs**


**Þórir hefur þrisvar sinnum gert Noreg að Evrópumeisturum.** NORDICPHOTOS/GETTY

# Hefja leik gegn Þjóðverjum

**HANDBOLTI** Stelpurnar hans Þóris Hergeirssonar í norska handboltalandsliðinu hefja leik á Evrópumótinu í Frakklandi á morgun. Fyrstu andstæðingar Norðmanna eru Þjóðverjar. Auk þeirra eru Rúmenar og Tékkar í D-riðli.

Noregur á titil að verja en liðið varð Evrópumeistari í Svíþjóð fyrir tveimur árum. Þórir hefur þrisvar sinnum gert norska liðið að Evrópumeisturum síðan hann tók við því árið 2009.

EM í Frakklandi er tólfta stórmótið sem Þórir stýrir norska liðinu á. Sex gullverðlaun hafa komið í hús, tvenn silfurverðlaun og tvenn bronsverðlaun. **– iþs**

Blekhylki.is




Blekhylki.is, S. 517 0150 – 2. hæð Smáralind

# Nýliðinn þurfti að færa 80 sjúklinga til

**HANDBOLTI** Martha Hermannsdóttir er eini nýliðinn í íslenska kvennalandsliðinu í handbolta sem hefur leik í undankeppni HM í dag. Martha er ekki hinn hefðbundni nýliði, enda 35 ára þriggja barna móðir sem starfar sem tannlæknir með fram því að spila með KA/Þór í Olís-deild kvenna.

„Ef ég á að vera hreinskilin átti ég ekki von á þessu. Ég hélt að ég væri orðin aðeins of þroskuð,“ sagði Martha hlæjandi í samtali við Fréttablaðið, aðspurð hvort hún hefði átt von á því að vera valin í landsliðið í fyrsta sinn á ferlinum.

„En þetta er frábært og æðislegt að fá þetta tækifæri,“ bætti Martha við. En er þetta eitthvað sem hana hefur lengi dreymt um? „Já, ég var alltaf brjáluð þegar ég var ekki valin í landsliðið. Ég er keppnismanneskja og hef metnað,“ sagði Martha sem hefur leikið vel með KA/Þór í vetur og átt stóran þátt í góðu gengi nýliðanna.

„Þetta hefur gengið vel í vetur og það er gaman að fá þessa viðurkenningu,“ sagði Martha.

Eins og áður sagði er Martha tannlæknir og rekur sína eigin stofu á Akureyri. Uppi varð smá fótur og fit þegar hún var kölluð inn í landsliðið.

„Þetta var dálítið vesen. Þegar aðstoðarkonurnar mínar heyrðu þetta töldu þær saman að við þyrftum að færa 80 sjúklinga. Þær fengu pínu áfall en fóru síðan að færa til. Ég ætla bara að vinna alla laugardaga fram að jólum til að koma öllu þessu fólki saman. En það tóku allir rosalega vel í þetta og enginn pirraður,“ sagði Martha.

Ísland mætir Tyrklandi í kvöld, Makedóníu á morgun og Aserbaídsjan á sunnudaginn. Riðillinn fer fram í Skopje í Makedóníu. Efsta liðið tryggir sér sæti í umspili um sæti á HM. **– iþs**


**Martha á fyrstu landsliðsæfingunni.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Fólk

Lífsstíll

FÖSTUDAGUR 30. NÓVEMBER 2018



# Aldrei verið hamingjusamari

Alexandra Sif Nikulásdóttir er mörgum að góðu kunn fyrir að fjalla um heilbrigðan lífsstíl og holla hreyfingu á Instagram. Hún er einkaþjálfari og keppti lengi í fitness. Alexandra er komin í sambúð og segir lífið leika við sig. →2

Alexandra var svo feimin sem krakki að hún þorði varla í skólasund. Þegar hún lítur til baka skilur hún varla hvernig hún hafði hugrekki til að stíga upp á svið á háum hælum í bikiníi að keppa í fitness. Alexandra er með hátt í átta þúsund fylgjendur á Instagram og leyfir fólki að skyggnast inn í lífs sitt. MYNDIR/EYÞÓR

*Jólamatur*
*til að taka með*
*Steikarveisla - 2.990 kr. á mann*
*Hangikjötsveisla - 3.490 kr. á mann*



SJÁVARBARINN
SEAFOOD RESTAURANT
Sjávarbarinn – Grandagarði 9 – sjavarbarinn.is

SVEFNSÓFAR
*frá Innovation Living Denmark*



FRODE
kr. 179.800



TURI
kr. 149.800

LÍNAN BÆJARLIND 14 - 16 KÓPAVOGUR SÍMI 553 7100 WWW.LINAN.IS

Sólveig Gísladóttir
solveig@frettabladid.is



Framhald af forsíðu ➪



„Mér hefur alltaf þótt gaman að skrifa. Ég skrifaði leikrit þegar ég var í 6. bekk og það var sýnt á afmæli skólans míns. Ég er mjög stolt af því," segir Alexandra.

Ég ákvað að hætta á toppnum," segir Alexandra Sif Nikulásdóttir brosandi en um sex ára skeið var hún ein fremsta fitness-keppniskona landsins. „Ég afrekaði meira á þessu sviði en mig hafði órað fyrir þegar ég byrjaði að keppa. Ég var svo feimin sem krakki að ég þorði næstum ekki í skólasund. Þegar ég lít til baka skil ég varla hvernig ég hafði hugrekki til að stíga upp á svið á háum hælum í bikiníi að keppa í fitness. Ég fór í gegnum heilmikla sjálfsskoðun á þessu tímabili og lærði mikið um sjálfa mig. Um leið öðlaðist ég meira sjálfstraust," segir Alexandra sem bókstaflega geislar af heilbrigði.

Alexandra lærði förðun og vann hjá Make-Up Store þegar henni datt í hug að taka þátt í fitness-keppni á sínum tíma. „Ég var eins og lítil spagettíreim því ég var mjög grannvaxin en þó í góðu formi. Ég skráði mig í fitness hjá fyrirtæki í þjálfun sem hét Betri árangur en í dag FitSuccess og stefndi á að keppa átta mánuðum síðar en Katrín Eva, eigandi þess og þjálfari, hafði mikla trú á mér og hvatti mig til að taka þátt í næstu fitness-keppni sem þá var innan átta vikna. Eftir að hafa hugsað málið ákvað ég að slá til og náði góðum árangri. Það varð til þess að ég skráði mig til leiks í stórri keppni sem heitir Arnold Classic og varð þar með fyrst íslenskra kvenna til að keppa í flokki sem heitir model-fitness á þessu móti.

**Mér finnst skipta máli að vera einlæg og vera bara ég sjálf en ég veit líka að það er ekki hægt að gera öllum til hæfis.**



Alexandra og Arnar kynntust í ræktinni.

Ég lærði pósurnar af myndböndum á netinu," rifjar Alexandra upp en hún var á meðal þeirra tíu efstu í þeirri keppni. Margt hefur breyst frá því að hún fór að æfa fyrir fitness-keppnir. „Það var t.d. ekki eins vinsælt hjá konum að lyfta lóðum eins og það er í dag," bendir hún á.

Eftir að Alexandra fór að æfa líkamsrækt markvisst ákvað hún að læra einkaþjálfun hjá World Class og í kjölfarið fékk hún starf hjá FitSuccess þar sem hún hefur unnið í sjö ár. „Mig langaði að læra enn meira um líkamsrækt og hollt mataræði. Ég vinn við að þjálfa í gegnum netið og finnst frábært að geta miðlað til annarra af minni reynslu. Ég þjálfa konur á öllum aldri og margar þeirra eru með börn, þannig að ég gæti þess að þær fái raunhæfa æfingadagskrá og matarplan sem þær geta farið eftir og fellur að þeirra lífsstíl."

## Langaði að verða leikkona

Alexandra segist hafa fundið sig vel í fitness því hún hafi mikinn metnað og sjálfsaga, hafi gaman af því að fara í ræktina og hugsa vel um mataræðið. „Hins vegar fannst mér stundum erfitt að fara á bikiníinu upp á svið að keppa en í raun fer maður þá í ákveðið hlutverk. Þetta er eins og að stíga inn á leiksvið," segir Alexandra og bætir við að sem barn hafi hana langað til að verða leikkona þegar hún yrði stór. Hún átti ekki langt að sækja leiklistaráhugann en afi hennar og amma voru bæði leiklistarmenntuð.

„Mér hefur líka alltaf þótt gaman að skrifa. Ég skrifaði leikrit þegar ég var í 6. bekk og það var sýnt á afmæli skólans míns. Ég er mjög stolt af því. Afi minn hét Þorvarður Helgason og var rithöfundur, leikari og bókmenntagagnrýnandi. Hann hjálpaði mér stundum við ritgerðasmíð og hafði gaman af. Amma, Hilde Helgason, var leikkona og leiklistarkennari. Hún kenndi fjölda manns sem eru leikarar í dag og ég var svo heppin að fá stundum að fylgjast með henni í vinnunni. Ég held ég láti leiklistardrauminn ekki rætast úr þessu, ég er mjög sátt við það sem ég er að gera í dag," segir Alexandra glaðlega en hún fær útrás fyrir sköpunarþörfina með því að skrifa greinar á www.framinn.is, auk þess sem hún var lengi með persónulegt blogg.

„Um tíma sá ég um heilsíðu í DV og skrifaði um líkamsrækt og síðar fyrir tímaritið Bleikt þar sem ég fjallaði m.a. um jákvætt hugarfar, heilsusamlegan lífsstíl og lífið almennt. Mér fannst það mjög gaman," segir Alexandra sem smám saman færði sig yfir á samfélagsmiðla.

## Gamaldags samfélagsmiðlastjarna

Alexandra var lengi meðal vinsælustu SnapChat-stjarna landsins en færði sig fyrr á þessu ári alfarið yfir á Instagram þar sem hún er með hátt í átta þúsund fylgjendur. Innt eftir því hvað hún fjalli um á Instagram kemur í ljós að það er allt milli himins og jarðar. „Ég sýni t.d. hvernig ég undirbý mig fyrir æfingar en ég fer í ræktina 5-6 sinnum í viku, stundum kl. 6 á morgnana. Ég sýni frá því hvað ég elda og baka, fer yfir förðunarráð, ferðalög og bara það sem mér dettur í hug hverju sinni. Ég breyti myndunum ekki í tölvu til að fá fallegra „feed" eins og er vinsælt þessa dagana heldur set inn það sem mig langar. Mér finnst skipta máli að vera einlæg og vera bara ég sjálf en ég veit líka að það er ekki hægt að gera öllum til hæfis. Sumir fíla mann og aðrir ekki. Ég sýni líka alveg myndir af mér ómálaðri með hárið út í loftið," segir Alexandra kankvíslega og viðurkennir að inn við beinið sé hún dálítið feimin.

Hún segir að sinn helsti styrkleiki séu skipulagshæfileikar. „Ég er frekar gamaldags og nota dagbók til að skipuleggja mig. Ég var að gefa út dagbók fyrir næsta ár í samstarfi við Prentsmið, sem gerði grunninn að bókinni en ég lagði til mína skipulagstaktík sem setur sinn svip á dagbókina."

Nýverið flutti Alexandra í eigin íbúð með kærastanum, Arnari Frey Bóassyni, og segir heimilið vera sinn griðastað. „Ég fékk margar óskir um að sýna nýja heimilið mitt á Instagram en ég vil ekki sýna of mikið, það þurfa að vera einhver mörk. Ég er samt ekkert feimin við að sýna frá því sem ég er að gera heima hjá mér," segir hún.

Þau Arnar kynntust í ræktinni og náðu strax vel saman. „Ég var að æfa fyrir fitness-mót á annarri líkamsræktarstöð en vanalega og við kynntumst þar. Hann kom að horfa á mig keppa, sem mér finnst mjög krúttlegt, og stuttu síðar byrjuðum við að hittast. Okkur líður mjög vel saman og ég hef aldrei verið jafnánægð með lífið og núna," segir Alexandra brosandi að lokum.

Fylgjast má með Alexöndru á Instagram undir nafninu alesif.







**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Sólveig Gísladóttir,** solveig@frettabladid.is s. 512 5351 | **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | **Brynhildur Björnsdóttir,** brynhildur@frettabladid.is, s. 512 5347 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

**Útgefandi:** Torg ehf
**Ábyrgðarmaður:** Kristín Þorsteinsdóttir
**Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 512 5442, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 512 5457, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429,

# Við fögnum líka rauðum jólum

## með **30%** afslætti af okkar uppáhalds skáldsögum

Fullt verð: 5.990 kr




TILBOÐ 4.193 kr

Fullt verð: 6.490 kr




TILBOÐ 4.543 kr

Fullt verð: 6.990 kr




TILBOÐ 4.893 kr

Fullt verð: 6.990 kr




TILBOÐ 4.893 kr

Fullt verð: 5.990 kr




TILBOÐ 4.193 kr

Fullt verð: 5.999kr




TILBOÐ 4.199 kr

**Eldri borgarar, öryrkjar og háskólanemar fá 15% afslátt af öllu í desember**

*gildir ekki með öðrum afslætti



**BÓKABÚÐ MÁLS & MENNINGAR**
LAUGAVEGI 18

**Opið alla daga til kl. 22.00**
**facebook.com/malogmenning**

# Einu sparifötin sem þú þarft

## Þeir sem eiga þjóðbúning ættu að klæðast honum 1. des. þegar haldið er upp á 100 ára fullveldisafmæli Íslands. Heimilisiðnaðarfélagið býður fólki aðstoð við að klæðast búningum sínum.

Sólveig Gísladóttir
solveig@frettabladid.is





Margrét Valdmarsdóttir og aðrir félagar í heimilisiðnaðarfélaginu taka á móti fólki í Aðalstræti 10 á laugardaginn milli klukkan 11 og 12.30 og aðstoða það við að klæðast þjóðbúningum sínum. MYND/ANTON BRINK

Við hjá Heimilisiðnaðarfélaginu kennum búningasaum og er mjög annt um að fólk eignist eigin þjóðbúninga, og ekki síður að það taki gamla búninga í brúk. Í ár höfum við verið með verkefni í gangi í tilefni af hundrað ára fullveldisafmæli Íslands, sem við köllum Út úr skápnum, þjóðbúningana í brúk. Tilgangurinn með verkefninu var að draga fram alla þá búninga sem til eru í skápum, kistum og kössum og fá fólk til að klæðast þeim," segir Margrét Valdimarsdóttir, formaður Heimilisiðnaðarfélagsins.

Hún segist verða vör við að fólk sé feimið við að klæða sig í þjóðbúninga og fara í þeim í veislur og á mannamót enda séu búningarnir glæsilegir og veki ávallt athygli. „Við ákváðum því að hvetja fólk til að klæða sig upp á fullveldisafmælinu á laugardaginn og bjóða því að hittast við Aðalstræti 10 til að sameinast öðrum sem einnig verða í búningi og fá þannig móralskan stuðning. Einnig vefst fyrir mörgum að hnýta slifsi eða festa húfur og því ákváðum við að bjóða fram aðstoð við það," segir Margrét en félagar í Heimilisiðnaðarfélaginu verða í sínu finasta pússi í Aðalstræti 10 á laugardaginn og aðstoða gesti við að klæðast eigin þjóðbúningum milli klukkan 11 og 12.30. Síðan mun hópurinn ganga saman að Stjórnarráðshúsinu klukkan 12.30 þar sem Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra setur fullveldishátíðina kl. 13 að viðstöddum Guðna Th. Jóhannessyni, forseta Íslands, Margréti II Danadrottningu og Lars Løkke Rasmussen, forsætisráðherra Dana.

„Félagar í Heimilisiðnaðarfélaginu verða í Aðalstræti 10 allan daginn og fólk getur litið til okkar ef það er forvitið að vita eitthvað um þjóðbúninga."

### Þjóðbúningar fram í dagsljósið

Verkefnið Út úr skápnum hefur hlotið góðar viðtökur að sögn Margrétar en því hefur verið haldið á lofti víða á landinu. Margrét segir þjóðbúninga víða að finna en helsta áskorunin sé að fá fólk til að klæðast þeim. „Fólk þarf oft aðstoð eða stuðning við að koma sér af stað til að nota þjóðbúninga sem sparifót því oft hafa búningarnir legið lengi óhreyfðir, kannski búningar sem ömmur áttu en passa ekki lengur. Til okkar hefur einnig komið fólk með marga búninga og veit ekki hvað passar og heyrir saman, og við getum veitt ýmis góð ráð."



Margrét segir ungt fólk hafa töluverðan áhuga á þjóðbúningum. Hér eru kát og prúðbúin ungmenni á Árbæjarsafni.

Margrét segir þjóðbúninga mjög þægilegan fatnað enda séu þeir oft klæðskerasniðnir og passi fullkomlega. „Ef þú átt einn slíkan þarftu ekki önnur sparifót," segir hún glaðlega.

### Unga fólkið áhugasamt

„Við verðum vör við mikinn áhuga hjá unga fólkinu sem er mjög skemmtilegt," segir Margrét og bendir á að hefð sé fyrir því að ungt fólk klæðist þjóðbúningum á peysufatadegi Kvennó, MR og Versló, einnig á árshátíð Menntaskólans á Akureyri auk þess sem mikil hefð sé fyrir þjóðbúningum á Ísafirði. „Maður finnur að unga fólkinu finnst svakalega skemmtilegt að klæða sig upp á fyrir þessa viðburði og gaman að fylgjast með því."

> Ef það er einhver dagur sem eðlilegt er að klæðast þjóðbúningi þá er það 1. desember.

Hún vonast til að sjá sem flesta í þjóðbúningum í miðbænum á laugardaginn. „Ef það er einhver dagur sem eðlilegt er að klæðast þjóðbúningi þá er það 1. desember," segir hún glettin.

BÍLABLAÐ FRÉTTABLAÐSINS

Mest lesna bílablað landsins kemur næst út þriðjudaginn 4. desember næstkomandi.

Ritstjóri blaðsins er Finnur Thorlacius sem er bílaáhugamaður af lífi og sál.

Umsjón auglýsinga:
Atli Bergmann • atli@frettabladid.is • sími 512 5457



FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

# Jólagjöf fagmannsins

FÖSTUDAGUR 30. NÓVEMBER 2018 Kynningar: BAUHAUS




Hjá BAUHAUS vinna sérfræðingar með margra ára reynslu af verkfærum sem glaðir vilja gefa öllum ráð sem þurfa og vilja. MYND/EYÞÓR

# Gæðavörur í jólapakkann

Í BAUHAUS er hægt að finna jólagjafir fyrir fagmenn, handlagið áhugafólk og í raun hvern sem er enda vöruúrvalið bæði breitt og mikið. Þar mætti því klára öll jólagjafakaup á einu bretti. →2










**Vöruúrvalið í BAUHAUS er mikið. Yfir 120.000 vörunúmer eru í versluninni sem er 22.000 fermetrar. Þar ættu allir að geta fundið nytsamlega vöru á góðu verði fyrir heimilið eða sem gjöf.**

**Framhald af forsíðu**

Það er mjög algengt að fólk komi til okkar í leit að sniðugum gjöfum sem og flottum gæðavörum sem hægt er að gefa bæði fagmönnum og öllum handlögnum áhugamönnum," segir Jón Björn Steingrímsson, deildarstjóri í verkfæradeild BAUHAUS.

Hver var vinsælasta gjöfin fyrir fagmanninn í fyrra? „Í fyrra var Dewalt skrúfvélin langvinsælust en við búumst við að í ár muni gæðavörur frá Makita, Dewalt og Metabo verða í ófáum jólapökkum."

Inntur eftir því hvort eitthvert eitt tæki sé nauðsynlegra en annað segir Jón Björn: „Laserlengdarmælirinn er tæki sem allir þurfa að eiga. Við bjóðum upp á margar mismunandi gerðir þannig að allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi. Þá eru skrúf- og borvélar líka verkfæri sem ættu að vera til á öllum heimilum."

Það loðir við marga fagmenn að þeir eiga stórt safn af tækjum og tólum og erfitt að geta sér til um hvað vantar í safnið. Hvað á að gefa fagmanninum sem á allt? „Hjá okkur er hægt að fá fjölmörg frábær verkfærasett, til dæmis frá Makita og Bosch, sem allir fagmenn myndu vilja. Bæði sett með mörgum tækjum og einnig aukahlutum. En fyrir þá sem eiga erfitt með að velja réttu gjöfina er líka frábær lausn að gefa gjafabréf því fagmennirnir finna sér alltaf eitthvað sniðugt og nytsamlegt hjá okkur," segir Jón Björn en bætir við einnig sé hægt að skila og skipta innan þriggja mánaða.

Ýmislegt sniðugt er að finna í BAUHAUS. Jón Björn nefnir sem dæmi Ryobi vörurnar sem séu frábærar fyrir alla handlagna. „Af Ryobi vörum má til dæmis nefna vinnuljós, bluetooth útvarpstæki, pumpur, handryksugur auk almennra verkfæra. Fyrir fagmennina myndum við mæla með gæðaverkfærasettum frá til dæmis Makita og Bosch sem allir fagmenn myndu vera ánægðir með undir trénu." Hann nefnir einnig bráðsniðuga gjöf sem sé tilvalin fyrir öll heimili, bæði stór og smá. „Það er Bosch skrúfvél sem hefur marga sniðuga og nytsamlega aukahluti, til dæmis pipar og salt kvörn, vínupptakara, grillgræju, fínstillingu og bitasett fyrir skrúfun."

Í BAUHAUS er að finna fjölda gæðamerkja. Þar má nefna Ryobi, Black&Decker, Dewalt, Metabo, Makita, Bosch, Stanley og Fein. „Fagmenn vilja gæði og áreiðanleika og velja merki eins og Metabo, Makita, Dewalt, Fein og bláa Bosch. Handlagnir og áhugamenn vilja vélar og tæki sem bjóða upp á marga aukahluti og þeir fá mikið fyrir peninginn þegar þeir velja sér vörur frá Ryobi, Black&Decker og græna Bosch. Við leitumst við að bjóða upp á mikið úrval verkfæra svo allir geti fundið eitthvað við sitt hæfi, bæði hvað varðar verð og gæði."

Jón Björn segir lítið mál fyrir fólk sem lítið vit hefur á verkfærum að fá góða ráðgjöf hjá starfsfólki BAUHAUS. „Hjá okkur vinna sérfræðingar með margra ára reynslu af verkfærum sem glaðir vilja gefa öllum ráð sem þurfa og vilja. Við bjóðum alla velkomna til okkar og tökum vel á móti þeim."

Margir kostir eru við að kaupa jólagjafirnar í BAUHAUS. „Vöruúrvalið er mikið og mjög breitt hjá okkur. Við erum með yfir 120.000 vörunúmer í verslun okkar sem er 22.000 fermetrar. Hér eiga allir að geta fundið nytsamlega vöru á góðu verði fyrir heimilið eða sem gjöf fyrir hvaða tilefni sem er. Nóg er af bílastæðum og mjög gott aðgengi bæði inn í verslun og að versluninni fyrir þá sem þurfa meira pláss. Hér eiga allir að geta klárað jólagjafainnkaupin sem og jólavörurnar sem þeir þurfa til að skapa góða jólastemningu heima hjá sér."




**Þessi Bosch skrúfvél sem hefur marga sniðuga og nytsamlega aukahluti sem sjá má hér til hliðar.**







**Skrúfvél með upptakara, grillgræju, skærum, fínstillingu og fleiri aukahlutum.**

Útgefandi: Torg ehf | Ábyrgðarmaður: Kristín Þorsteinsdóttir | Sölumaður auglýsinga: Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656 | Veffang: frettabladid.is

# HÖRÐU PAKKARNIR FÁST Í SINDRA

TOPTUL®

**TILBOÐ**

## 94 HLUTA TOPPLYKLASETT



1/4" toppar, E-toppar, hjöruliður, skrall og bitahaldarar.
1/2" toppar, torx E-toppar og fleira.

vnr IBTGCAI094R

**12.519** m/vsk

Fullt verð 17.884

**TILBOÐ**

## 130 HLUTA VERKFÆRASETT



1/4", 3/8" og 1/2" toppar, E-toppar, hjöruliður, skrall og bitahaldarar.
Fastir lyklar

vnr IBTGCAI130B

**19.449** m/vsk

Fullt verð 29.922

**TILBOÐ**

## HJÓLABORÐ MEÐ SKÚFFU



Verkfæraborð með skúffu og hillu.
Stærð:
690 (L) x 470 (B) x 815 (H) mm.

vnr IBTTCAD0101

**25.655** m/vsk

Fullt verð 36.650

**TILBOÐ**

## SKÓTÖNG



Til að krumpa rafmagnsskó
5 skiptanlegir kjaftar fylgja með1

vnr IBTGAAI0605

**7.426** m/vsk

Fullt verð 12.376

**TILBOÐ**

## 150 HLUTA VERKFÆRASETT



1/4" toppar, E-toppar, hjöruliður, skrall og bitahaldarar.
1/2" toppar, torx E-toppar.
Skrúfjárn, hamar, griptöng, fastir lyklar og fleira.

vnr IBTGCAI150R

**29.395** m/vsk

Fullt verð 45.222

**TILBOÐ**

## 28 HLUTA TOPPLYKLASETT



Skrall 36 tanna með læsingu
Toppar: 8 - 32mm
Framlengingar: 5" & 10"
T-Skaft, liður.
Framlengingu með LED ljósi.

vnr IBTGCAI2802

**7.452** m/vsk

Fullt verð 11.465

**TILBOÐ**

## PENNALJÓS LED




5W COB
230 Lumen
3xAAA

vnr IBTJJAT0405S

**1.769** m/vsk

Fullt verð 2.722

**TILBOÐ**

## 51 HLUTA TOPPLYKLASETT



Skrall 36 tanna með læsingu
Toppar: 4 - 14mm.
Framlenging sveigjanleg 6"
Framlenging: 2" & 4"
Liður, T-skaft og fleira.

vnr IBTGCAI5102

**5.893** m/vsk

Fullt verð 8.419

**TILBOÐ**

## 96 HLUTA VERKFÆRASETT



1/4" toppar, E-toppar, hjöruliður, skrall og bitahaldarar.
1/2" toppar, torx E-toppar og fleira.
Skrúfjárn og fastir lyklar.

vnr IBTGCAI9601

**18.931** m/vsk

Fullt verð 29.125

**TILBOÐ**

## 151 HLUTA TOPPLYKLASETT



1/4", 3/8" og 1/2" toppar, E-toppar, hjöruliður, skrall og bitahaldarar.
Toppastærðir 4,5 - 32 mm.

vnr IBTGCAI151R

**19.412** m/vsk

Fullt verð 29.865

**www.sindri.is / sími 575 0000**

Skútuvogi 1 - Reykjavík I Viðarhöfða 6 - Reykjavík I Bæjarhrauni 12 - Hafnarfirði

SINDRI

# Léttara líf fagmannsins með góðu skipulagi

**Nákvæmni er lykilatriði þegar kemur að hvers kyns fagvinnu. Til að leysa hlutina sem best af hendi er mikilvægt að hafa réttu tólin við höndina hverju sinni og þurfa ekki að eyða löngum tíma í að róta eftir því sem vantar.**



Hér er dæmi um stórsniðuga heimagerða verkfærageymslu úr gömlu vörubretti.



Eggjabakkar eru til margra hluta nytsamlegir og má meðal annars nota til að halda utan um smáhluti í verkfærageymslunni.

Þeir sem temja sér að hafa verkfærageymsluna í röð og reglu eiga mun ánægjulegri, markvissari og árangursríkari vinnu fyrir höndum. Hér eru góð ráð til að skipuleggja verkfæralagerinn.

- Byrjaðu á því að safna öllum verkfærum, skrúfum, tækjum og tólum á auðan flöt á gólfinu. Það getur verið gott að breiða dúk eða teppi undir til að forðast rispur og að óhreinindi dreifist um allt.
- Hentu öllu sem er ónýtt og úr sér gengið.
- Þurrkaðu af því sem þú ætlar að eiga.



Það er best að geyma smáhluti í hólfaskiptum hirslum.

- Þvoðu verkfærakassann eða hirslurnar þar sem verkfærin eru geymd.

**Síðan eru nokkrar leiðir til að flokka verkfærin:**

- Hafðu sams konar verkfæri saman í hólfi eða skúffu; til dæmis öll skrúfjárn saman, skiptilykla saman, mælitæki saman og svo framvegis.
- Flokkaðu eftir virkni: Festingar og boltar hafa til að mynda sams konar virkni og getur verið gott að hafa á svipuðum stað.
- Flokkaðu eftir verkefnum: Ef þú ert mikið að fást við sömu verkefni eins og til dæmis að laga vatnslagnir, bílvélar eða leggja rafmagn getur verið gott að hafa öll þau verkfæri sem til þarf saman á einum stað svo ekki þurfi að róta eftir þeim á mörgum stöðum í hvert skipti.
- Flokkaðu eftir vinsældum: Hafðu þau verkfæri sem þú notar oftast á aðgengilegasta staðnum.
- Vertu með lítil hólf eða box undir smáhluti eins og skrúfur og nagla.
- Merktu hverja skúffu.
- Vendu þig á að þurrka af verkfærunum eftir notkun og settu þau á sinn stað.



Það getur reynt á taugarnar að leita að rétta verkfærinu þar sem öllu ægir saman.




# ALLT FYRIR BAÐHERBERGIÐ

**MÚRBÚÐARVERÐ**




















**CERAVID SETT**
WC - kassi, hnappur
og **hæglokandi seta.**
Þýsk gæðavara
**38.890**

**BoZZ sturtuklefi**
**ferkantaður m/stöng, blöndunartækjum og brúsu**
**80x80x200 54.990**
**90x90x200 59.990**

**BoZZ sturtuklefi**
**rúnaður m/stöng, blöndunartækjum og brúsu**
**80x80x200 54.990**
**90x90x200 59.990**



**Riga** salerni með setu, gólf- eða veggstútur
**21.990**



**Ceravid** Handlaugarsett 45cm með blöndunartæki
**14.990**



Sturtubarki verð frá kr.
**790**




Sturtusett verð frá
**2.890**

Tower Nano sturtusett
**11.990**

**Guoren** Sturtusett með hitastýrðum blöndunartækjum
**34.990**

**Guoren** 1L Hitastýrt baðtæki standard
**16.990**

BOZZ- LH2205-1
Hitastýrð sturtutæki með upp eða niðurstút.
**8.890** (rósettur fylgja)



| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Kletthálsi 7. | Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18. | Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14 |
| | Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is | |

Netgíró
Betri leið til að versla

**MÚRBÚÐIN**
*Gott verð fyrir alla, alltaf!*


Verkamenn, sjómenn og förufólk eru meðal helstu fyrirmynda Sigurðar Petersen. MYND/EYÞÓR


Fallegir jólasveinar af öllum stærðum tilbúnir í slaginn. MYND/EYÞÓR

# Veitir andlega vellíðan

Um þrettán ár eru síðan Sigurður Petersen hóf að tálga og skera út ýmsa skemmtilega karaktera úr ólíkum viðartegundum. Áhugamálið veitir honum bæði gleði og ánægju.



„Ég tálga aðallega karaktera vegna þess að það höfðar mest til mín," segir Sigurður Petersen.

Starri Freyr Jónsson
starri@frettabladid.is



Bændur, verkamenn, sjómenn og förufólk sem fór á milli bæja og gerði ýmis viðvik fyrir mat og gistingu hér áður fyrr eru meðal fyrirmynda Sigurðar Petersen sem tálgar og sker út ýmsa skemmtilega karaktera úr ólíkum viðartegundum. „Mér hefur alltaf fundist þetta vera fólkið sem stendur mér næst. Ég tálga aðallega karaktera vegna þess að það höfðar mest til mín. Ég nota ekki raunverulegar persónur sem fyrirmyndir en hef þó í huga það fólk sem ég hef haft mest samskipti við í gegnum tíðina."

Um þrettán ár eru síðan Sigurður byrjaði á þessu áhugamáli sínu. „Sjómennskan var lengstum aðalstarf mitt, fyrst á fiskiskipum en síðar farskipum sem stýrimaður og skipstjóri. Það var lítið um tómstundir á þessum tíma, nema þá helst að ganga með veiðistöngina með fram ýmsum vatnsföllum stórum og smáum og svo bóklestur. Síðustu þrettán árin vann ég í landi og þá gáfust betri stundir til tómstunda. Ég prufaði ýmislegt en fann mig hvergi þar til ég fór að reyna við tréskurð."

Hann sótti nokkur námskeið hjá tréskurðarmeisturum, aðallega til að læra að halda rétt á verkfærunum. „Eftir að hafa reynt við ýmsar tegundir tréskurðar og trérennsli fann ég mig best með hníf í hendi og mátulega stóran trébút til að tálga. Þetta áhugamál veitir mér gleði og ánægju, það hvílir hugann frá amstri dagsins og veitir mér andlega vellíðan."


Sigurður Petersen. MYND/EYÞÓR

## Góðar viðtökur

Viðtökur almennings hafa komið honum á óvart en vörurnar selur hann undir nafninu Gluggagallery. „Í fyrstu var ég bara að stytta mér stundir og njóta þess sem ég var að gera. Fyrir vikið söfnuðust upp gripir heima þar til staðan varð loks þannig að ég hafði nánast ekki pláss fyrir þá lengur. Ýmsir spurðu mig hvort ég ætlaði ekki að selja gripina en þá þótti mér óraunhæft að hugsa til þess að einhver væri tilbúinn að borga fyrir þá. Að lokum tók ég tilboði frá ágætum konum sem voru með fyrirtæki á Laugaveginum og setti þá í sölu hjá þeim. Það kom mér á óvart og gladdi mig mjög hvað margir vildu eiga þessa gripi og voru tilbúnir að borga fyrir þá."

Um síðustu helgi tók Sigurður þátt í sýningunni Handverk og hönnun sem fór fram í Ráðhúsi Reykjavíkur. „Sýningin gekk alveg ágætlega eins og í fyrri skiptin sem ég hef tekið þátt. Fram undan er síðan að vinna upp lager því það gengur alltaf á birgðirnar fyrri hluta vetrar. Ég hef sett mér það markmið að smíða hefilhest en það er nokkurs konar stóll og búnaður til að halda trénu föstu meðan verið er að hefla börkinn af og það sem maður vill taka af trénu. Svo hefur mér verið boðið að taka þátt í nokkrum verkefnum sem ekki er hægt að segja nánar frá á þessu stigi."

Nánar má kynna sér verk Sigurðar á Facebook undir Gluggagallery.






SNJALLARI LÝSING MEÐ SÍMANUM ÞÍNUM

Með HUE frá Philips stjórnar þú lýsingunni á heimilinum með símanum, hvar og hvenær sem er.



# 7.0Ah

Passar í allar 18V vélar




# BOSCH

## Bláa línan

Fyrir hröfuharða!

Elsti og stærsti framleiðandi rafmagnsverkfæra í Evrópu. Allir hlutar framleiðslunnar eru í þeirra höndum og skilar það sér til viðskiptavina í öruggari, endingarbetri og viðhaldsminni rafmagnsverkfærum.

Bosch ábyrgist að varahlutir fáist í rafmagnsverkfæri frá fyrirtækinu í allt að 10 ár frá framleiðslu þeirra sem er ábyrgð sem fáir bjóða.

**ProCore 18V, 7,0Ah**

2 rafhlöður og hleðslutæki

**52.995**

748800485

**87% meira afl en áður, 50% fleiri borgöt en áður, 41% fleiri snúningar***

*Samanburður við BOSCH 18V GBA 6,0Ah



**Rafhlöðuborvél**

- Hleðsluborvél GSR 18V 2X1,5Ah Li
- Kemur í L-Boxx tösku með hleðslutæki
- 2 gírar 0-450 /0-1400 sn/min
- 10 mm patróna • 38 Nm

**36.995**

748740990



**Rafhlöðuborvél**

- Hleðsluborvél GSR 18V 2X2,0Ah Li
- Kemur í L-Boxx tösku með hleðslutæki
- 2 gírar 0-500 /0-1900 sn/min
- 13 mm patróna • 63 Nm

**39.995**

748740993

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

# Mikilvægt að vernda hnén

**Það er mjög auðvelt að fara illa með hnén ef það er unnið á þeim og samkvæmt könnunum glíma margir iðnaðarmenn við hnémeiðsli. En rétt tækni og góðar vinnubuxur með púðum geta hjálpað.**

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is



Það er ekki tekið út með sældinni að vinna mikið á hnjánum. Margir iðnaðarmenn þurfa að eyða miklum tíma á hnjánum og það veldur álagsmeiðslum, sérstaklega ef enginn hlífðarbúnaður er notaður. Í nýrri könnun frá samtökum pípara í Bretlandi er komist að þeirri niðurstöðu að 75% pípara glími við meiðsli á hnjám. Heil 57% þátttakenda í könnuninni sögðu að þeir þyrftu að fara í aðgerð til að láta skipta um hnélið seinna meir vegna álags í starfi og 59% sögðu að þeir þyrftu að öllum líkindum að setjast í helgan stein snemma vegna meiðsla í starfi. Í annarri könnun frá Bandaríkjunum fékkst sú niðurstaða að 40% byggingarverkamanna þurfi að glíma við meiðsli í vinnu sinni.

## Ráð til að vernda hnén

Hnén eru sérstaklega viðkvæm fyrir meiðslum þar sem flestar hreyfingar reyna á hnén og þetta er flókinn liður sem ber alla líkamsþyngdina. En það er hægt að hafa nokkur einföld ráð í huga til að vernda hnén.



Margir iðnaðarmenn þurfa að vinna mikið á hnjánum og það getur orðið til þess að þeir verði að hætta störfum fyrr en ella. NORDICPHOTOS/GETTY

- Passið að bera ekki of mikla þyngd í einu og lyfta rétt. Ef fólk glímir við hnémeiðsli getur verið gott að reyna að forðast að lyfta þyngd beint af gólfinu og fá hjálp þegar hún býðst. En ef það er ekki í boði gæti hjálpað að setja slæma hnéð á jörðina og hinn fótinn niður áður en lyft er. Þá fer meirihlutinn af þyngdinni á góða hnéð.
- Ekki færa hluti með því að sveifla fætinum til hliðar. Ef þú þarf að færa eitthvað með fætinum skaltu beina liðnum rétt, eins og þegar sparkað er í fótbolta, þannig að þú skapir ekki óeðlilegt álag á liðinn.
- Ekki nota hnéð til að færa eða berja í hluti.
- Passið að vinnusvæðið sé hreint og snyrtilegt svo þið dettið ekki um neitt eða rennið til og farið sérstaklega varlega í hálku.
- Stígið með öllum fætinum á tröppur eða stiga.
- Ekki snúa upp á líkamann að óþörfu, það veldur álagi á hnén.
- Hitið upp fyrir átakavinnu.

> **Sumir verða að vera mjög mikið á hnjánum í vinnunni, þannig að þessi ráð og það að fara varlega kemur ekki í veg fyrir meiðsli. Þá er rosalega mikilvægt að vera vel búinn og í áreiðanlegum hlífðarbuxum með góðum púðum.**

- Styrkið hnén til að koma í veg fyrir álagsmeiðsli, t.d. með lyftingum.
- Ekki stökkva úr nokkurri hæð, notið stiga og handföng til að fara varlega niður.
- Verið í góðum skóm sem passa vel, henta í vinnuna og valda engu óþarfa álagi á hnén.

Sumir verða að vera mjög mikið á hnjánum í vinnunni, þannig að þessi ráð og það að fara varlega kemur ekki í veg fyrir meiðsli. Þá er rosalega mikilvægt að vera vel búinn og í áreiðanlegum hlífðarbuxum með góðum púðum. En þá er það spurningin, hvaða vinnubuxur eru bestar?

Nýlega var mikil umræða um hvaða vinnubuxur henta best þegar unnið er mikið á hnjánum í Facebook-hópnum Iðnaðarmenn Íslands, sem er með rúmlega fimm þúsund meðlimi. Þar deildu nokkrir reynsluboltar reynslu sinni af ýmsum gerðum af vinnubuxum og samkvæmt þeim bera nokkur merki augljóslega af.

## Snickers fær mikil meðmæli

Það merki sem var nefnt oftast og lofað mest var Snickers. Margir voru sammála um að það væru bestu vinnubuxur sem þeir hefðu prófað og einn sagði að það hefði breytt lífi hans að hætta að kaupa „drasl buxur“. Annar segist hafa prófað ýmis merki þangað til hann keypti Snickers og hann hafi ekki skipt síðan. Margir hrósa buxunum fyrir að vera endingargóðar og léttar og hnépúðunum frá Snickers er líka hrósað.

Jobman vinnubuxurnar njóta líka greinilega vinsælda og nokkrir nefna þær sem bestu vinnubuxurnar. Þær eru sagðar teygjanlegar, léttar og góðar. Einn gagnrýnir þær hins vegar fyrir að vera ekki sérlega endingargóðar.

Önnur merki sem voru nefnd voru Björnkläder, Helly Hansen, Mascot, Flugger og Bulldog. Það er því úr nógu að velja þegar kemur að góðum vinnubuxum og enginn iðnaðarmaður á Íslandi ætti að þurfa að þola hnémeiðsli að óþörfu.



vfs.is

# ALVÖRU VERKFÆRI JÓLAGJAFIR FYRIR ALVÖRU FAGMENN Á DESEMBERTILBOÐI

Milwaukee

## Höggborvél m/broti

PH26T SDS+ 2,4j

Höggborvél m/broti sem hentar sérstaklega vél í að bora 6-16mm göt. Sterkur 800W mótor skilar afli fyrir erfiðar aðstæður.

**TILBOÐ 30.900 KR.**

Vnr: MW 4933464580

Milwaukee

## Borvél 50Nm

M18

*+ Tvær 1,5 Ah rafhlöður, hleðslutæki og taska.*

**POWERSTATE™** mótor
**REDLINK PLUS™** yfirálagsvörn
**LED** ljós
**REDLITHIUM-ION™** rafhlöður

**TILBOÐ 33.900 KR.**

Vnr: MW 4933451415

Milwaukee

## Borvél 44Nm

M12 FUEL FPD-602X

*+ Tvær 6,0 Ah rafhlöður, hleðslutæki og taska.*

Ójafnað afl 44 Nm.
Skilar allt að 1700 RPM.
Lengd aðeins 185 mm.

**TILBOÐ 41.900 KR.**

Vnr: MW 4933459806

Milwaukee

## Fjölnota hjólsög

M12 FUEL FCOT-422X

*+ 2 rafhlöður, 4,0 og 2,0 Ah, hleðslutæki, taska, 3 blöð og rykhlíf.*

Getur sagað járn, ryðfrítt stál, aðra málma, gifs, trefja/plastefni og keramík.
**POWERSTATE™** mótor 20.000 RPM.
**REDLINK PLUS™** yfirálagsvörn.
**REDLITHIUM-ION™** rafhlöður.

**TILBOÐ 49.900 KR.**

Vnr: MW 4933464619

Milwaukee

## Herslulykill & massavél

M18 FUEL

*+ Tvær 5,0 Ah rafhlöður, hleðslutæki, töskur og felgutoppar.*

Hægt er að massa einn bíl á hleðslunni með massavélinni. Herslulykillinn er með 4 átaksstillingar, herðir 40Nm/120Nm/300Nm/0-120Nm.

**TILBOÐ 99.900 KR.**

Vnr: MW 4933459356

Milwaukee

## Fjölnotavél

M18 BMT-421C

*+ 2 rafhlöður: 4,0 og 2,0 Ah, hleðslutæki og taska fyrir sandpappír og taska.*

Haus fyrir sandpappír fylgir.
**FIXTEC** – losar blaðið m. einni smellu.
**REDLINK PLUS™** yfirálagsvörn
**REDLITHIUM-ION™** Rafhlöður

**TILBOÐ 55.900 KR.**

Vnr: MW 4933446210

Milwaukee

## Hitajakki

M12 HJ BL4-0

*Vandaður hitajakki með 5 hitasvæðum sem dreifir hita á svæði og í vasa.*

Virkar með öllum M12™ rafhlöðum.
Allt að 8klst af hita á 2,0 Ah rafhlöðu.
**TOUGHSHELL™** teygjanlegt efni.
**FREE FLEX™** hreyfanleiki.
Vatns- og vindþolinn.

**TILBOÐ 27.900 KR.**

Vnr: MW 4933464323

GEDORE

## Topplyklasett

GEDORE RED

*Vandað topplyklasett með 172 hlutum.*

Skröll í stærðum 1/2", 3/8" og 1/4" og allir helstu toppar og bitar.

**18.990 KR.**

Vnr: GD R45609032

# VERKFÆRA SALAN

**VERKFÆRASALAN** • SÍÐUMÚLA 9, REYKJAVÍK • DALSHRAUNI 13, HAFNARFIRÐI • DALSBRAUT 1, AKUREYRI • S: 560 8888 • vfs.is

# Jólagjafir fyrir hann

Besta ráðið til að finna jólagjöfina fyrir karlmann er að biðja hann að skrifa óskirnar niður á lista. Ef hann treystir sér ekki til þess eru hér nokkrar góðar hugmyndir til að auðvelda leitina.

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Það er alltaf gott að fá eitthvað í jólagjöf sem mann vanhagar um. Það geta vissulega verið alls kyns verkfæri sem nauðsynlegt er að eiga eða bara eitthvað allt annað. Ef fólk er í virkilegum vandræðum er alltaf hægt að kaupa einhvers konar upplifun. Það getur verið ævintýraferð, til dæmis á kajak eða í klifur, það gæti verið upplifun á veitingahúsi, sömuleiðis gæti það verið helgarferð út á land með hótelgistingu. Alls kyns upplifun er í boði um allt land.

Ýmiss konar nytjahlutir koma líka til greina. Húfa með ljósi fyrir hundaeigendur sem fara út að labba á kvöldin eða veiðimenn. Það gæti líka verið bjórkælir til að hafa í bílskúrnum eða vandaður orkubanki fyrir snjallsímann. Skeggsnyrtir gæti komið sér vel fyrir þá sem hafa látið sér vaxa skegg. Einnig tími hjá rakara sem býður upp á eðalskeggsnyrtingu og skeggolíu. Svo mætti bjóða kærastanum í hvalaskoðunarferð, kannski vín- eða bjórsmakk.

Ef herrann hefur áhuga á matargerð er hægt að gefa honum útigrill, vandað hnífasett, espressókaffivél eða aðra skemmtilega hluti í eldhúsið sem matreiðslumenn hafa gaman af. Þar má nefna sous vide-tæki sem margir hafa fallið fyrir eða flottar bjórkönnur og einstaka fágæta bjóra. Eðalvínflaska er góð gjöf fyrir vínáhugamenn. Sömuleiðis er gott að eiga sódavatnsvél í eldhúsinu eða safapressu. Grillpanna, góðir pottar og hægeldunarpottur eru góðar gjafir, eða hrærivél ef hana vantar á heimilið. Þá eru gourmet-matarkörfur kærkomin gjöf eða námskeið í matargerð.

Skraddarasaumuð skyrta væri örugglega vel þegin og sömuleiðis vandaðir spariskór. Flestir karlar vilja sömuleiðis eiga herrailm eða rakspíra í fínu merki. Vönduð leðurbelti eru þarfaþing fyrir flesta. Góðir vinnuhanskar geta komið að góðum notum hjá mörgum fagmönnum og ullarsokkar.

Þráðlaus heyrnartól vilja flestir karlar eiga, hvort sem þau eru notuð heima eða í vinnu. Hægt er að fá slík heyrnartól á mismunandi verði. Einnig eru þráðlausir hátalarar vinsælir. Tölvuleikir geta líka hitt í mark hjá ákveðnum aldri. Þá myndu margir þiggja spjaldtölvu eða jafnvel bara minnislykil. Tölvustýrða veðurstöð er sniðugt að eiga á heimilinu, go-pro-myndavél eða snjallúr.

Bækur eru alltaf góð gjöf, hvort sem það er til skemmtilestrar eða bækur sem varða ákveðin áhugamál, til dæmis matargerð. Ágætt ráð er að horfa til áhugamáls viðkomandi en auðvelt getur verið að finna gjöf sem samræmist því, hvort sem viðkomandi er í fótbolta, veiði, golfi eða fjallaklifri.

> » Þráðlaus heyrnartól vilja flestir karlar eiga, hvort sem þau eru notuð heima eða í vinnu. Hægt er að fá slík heyrnartól á mismunandi verði.



Það þarf ekki að vera svo erfitt að finna jólagjöf fyrir herrann.



Búast má við að einhver taki jólapeysu upp úr jólapakkanum en það er eiginlega alveg nauðsynlegt að eiga eina. Peysurnar eru vissulega margvíslegar.





Panasonic

**Hleðsluborvél EY 74A2 PN2G32**
Patróna: 13 mm
Rafhlaða: 18V, 2 x 3,0 Ah
Li-Ion KOLALAUS
1,8 kg
ToughTool IP
**Verð:**
**39.200 kr.**

ÖFLUGUR VINNUFÉLAGI
Auðveldaðu þér vinnuna með góðum græjum

VÉLAR & VERKFÆRI
Skútuvogi 1c 104 Reykjavík Sími 550 8500 Fax 550 8510 www.vv.is

Fagmenn vilja alvöru grill



Big Green Egg
The Ultimate Cooking Experience

Þessir mögnuðu ofnar/grill eru byggðir á hinni ævafornu „komado“ leirofna eldunaraðferð sem gefur gæfumuninn í allri eldamennsku. Þeir sem einu sinni prófa Big Green Egg grillin skipta aldrei aftur yfir. Ofnarnir eru til í ýmsum stærðum.






VERSLUNARTÆKNI www.verslun.is
geiri www.geiriehf.is
STÓRELDHÚS
Sýningarsalur Draghálsi 4 - Sími: 535 1300 - verslun@verslun.is




# MIKIÐ ÚRVAL, GÆÐI OG LÁGT VERÐ, ALLTAF !




RYOBI

BAUHAUS®

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2–4 - 113 Reykjavík - 515-0800 - upplysingar@bauhaus.is - www.bauhaus.is

# Gott og gagnlegt í jólapakkann



Fallegur brúsi eða bolli til að halda heitu kemur sér vel fyrir þá sem ýmist verja miklum tíma utandyra eða eru stöðugt á þönum í vinnunni.

**Fagmaðurinn í lífi þínu á skilið að fá eitthvað fallegt og nytsamlegt í jólagjöf, eitthvað sem kemur að notum en er líka bæði vandað og gagnlegt. Hér eru nokkrar ráðleggingar til þeirra sem vilja gleðja fagfólkið sitt um jólin.**

Heyrnartól eru frábær gjöf fyrir vinnandi fólk. Bæði hvað varðar möguleikann á að útiloka hávaða í vinnuumhverfinu en ekki síður til að njóta afþreyingar í formi tónlistar, útvarpsdagskrár, hlaðvarps eða hljóðbóka. Heyrnartól er hægt að fá í ýmsum stærðum og gerðum en efst á óskalista margra eru sjálfsagt heyrnartól sem sameina hvort tveggja, loka úti umhverfishávaða og eru þráðlaus með Bluetooth-tengingu svo hægt sé að nota símann sinn sem míðlara.

Verkfæri. Flest fagfólk veit alveg upp á hár hvaða tegund verkfæra það vill helst nota og þýðir lítið að reyna að plata það til að skipta. En ef þú vilt koma þinni fagmanneskju á óvart með jólagjöf skaltu finna út frá hvaða merki viðkomandi á flest verkfæri og velja þaðan. Sérstaklega á þetta við um batterísverkfæri því oft er hægt að nota sama batteríið fyrir mismunandi tegundir verkfæra úr sömu línu. Þannig getur fólk átt eitt eða tvö góð batterí en notað mun fleiri verkfæri úr sömu línu. Svo eru verkfæri úr sömu línu oft svipuð í hönnun og útliti og fara því vel saman í skáp eða skúr.

Fatnaður. Það er misjafnt eftir störfum hvernig búnaður á við og hvort fagmaðurinn í lífi þínu þarf meira á svuntu eða hjálmi að halda. Það er þó viss tegund af hlífðarbúnaði sem flestar starfsstéttir geta notað og það eru þægilegir stuðningssokkar. Flest fagfólk þarf ýmist að vera á þönum eða standa í fæturna bróðurpart vinnutímans og þá getur fótabúnaðurinn skipt höfuðmáli. Í pakkann má líka lauma góðu fótakremi og baðsalti fyrir fótabað. Sannkallaður draumur fagfólksins.

Kaffibrúsi. Á flestum skrifstofum er gert ráð fyrir kaffiþörf starfsfólks en því er ekki alltaf þannig farið hjá þeim sem til dæmis fara milli staða eða eru mikið á þönum í vinnu sinni. Og sumir eru með fínlega bragðlauka og geta bara ekki afborið vont vinnukaffi en þurfa samt öðru hvoru að fá sterkan skammt af koffeini. Lítill og handhægur hitabrúsi er frábær jólagjöf fyrir þetta fólk. Hann þarf að halda vel heitu og helst að hafa bæði þétt handfang og vera hægt að hengja hann á sig. Mikill kostur er ef hægt er að drekka beint úr brúsanum en svo er auðvitað líka fallegt að hafa afskrúfanlegan bolla efst.

Handáburður. Í mörgum fagstéttum er töluvert álag á hendur, bæði vegna tíðra handþvotta og eins vegna umgengni við efni sem fara illa með húðina. Þá þurfa sumar stéttir að vera í hönskum allan daginn til að hlífa höndunum. Nokkrar litlar túbur eða dósir af handáburði saman eru kjörgjöf fyrir flest fagfólk til að hafa í vasanum og bera á sig eftir þörfum. Og ekki skaðar ef ilmurinn er indæll.



Fagfólk úr flestum stéttum mun gleðjast yfir einhverjum þeirra jólagjafa sem fjallað er um hér.



Gott og nærandi fótakrem hentar vel í jólapakka alls fagfólks þar sem fæturnir eru gjarna undir miklu álagi í vinnunni.




Góð heyrnartól geta reynst gulli betri í mjög mörgum starfsgreinum, bæði til að útiloka hávaða en líka til að stytta vinnustundirnar með áhugaverðum hlaðvörpum eða góðri tónlist.



Flestir fagmenn gleðjast yfir því að fá góð verkfæri en ástæða er til að kynna sér hvaða merki eru í uppáhaldi hjá þeim áður en lagt er af stað í innkaupaleiðangur.

reykjafell.is

REYKJAFELL



Jólagjafir rafvirkjans

Reykjafell · Reykjavík, Akureyri og Reykjanesbæ 588 6000



100% MERINO ULL
DEVOLD
Jólagjöfin í ár
FYRIR ÖMMU, AFA, MÖMMU, PABBA, BÖRNIN OG ALLA HINA!
GOLFIÐ, SKÍÐIN, GÖNGUNA, VEIÐINA OG ALLA ÚTIVIST.
BREEZE ZIP BOLUR HERRA
STÆRÐ S–XL
VERÐ 11.995 KR.
ISLENDER KID BOLUR
STÆRÐ 2–8
VERÐ 6.995 KR.
DUO ACTIVE JR. BOLUR
STÆRÐ 10–16
VERÐ 6.995 KR.
VAKSVIK BOLUR HERRA
STÆRÐ M–XL
VERÐ 13.995 KR.
DUO ACTIVE JR. ZIP BOLUR
STÆRÐ 10–16
VERÐ 7.995 KR.
DUO ACTIVE ZIP BOLUR DÖMU
STÆRÐ S–XL
VERÐ 11.995 KR.
EXPEDITION ZIP BOLUR DÖMU
STÆRÐ XS–XL
VERÐ 12.996 KR.
TINDEN SPACER HERRA
STÆRÐ M–XXL
VERÐ 29.995 KR.
ONA BOLUR DÖMU
STÆRÐ S–XL
VERÐ 12.995 KR.
ALNES BOLUR DÖMU
STÆRÐ XS–XL
VERÐ 12.995 KR.
EGGA DÖMU
STÆRÐ S–XL
TILBOÐ 29.995 KR.
ALNES SAMFELLA
STÆRÐ 68–98
VERÐ 4.995 KR.
ONA BUXUR DÖMU
STÆRÐ S–XL
VERÐ 12.995 KR.
ALNES BUXUR DÖMU
STÆRÐ XS–XL
VERÐ 12.995 KR.
DUO ACTIVE JR. BUXUR
STÆRÐ 10–16
VERÐ 6.995 KR.
BREEZE BUXUR HERRA
STÆRÐ S–XL
VERÐ 10.995 KR.
EXPEDITION BUXUR DÖMU
STÆRÐ XS–XL
VERÐ 11.995 KR.
ELLINGSEN
FISKISLÓÐ 1 REYKJAVÍK / TRYGGVABRAUT 1–3 AKUREYRI / 580 8500 / SÍÐAN 1916 / WWW.ELLINGSEN.IS

# Engir tveir fuglar eins

## Klukkur, speglar og blómamyndir eru meðal þeirra muna sem Ólafur Þorgils Guðmundsson sker út úr ólíkum viðartegundum.


Ólafur Þorgils Guðmundsson kallar tréfguglana sína Óla fugla.

Ólafur Þorgils Guðmundsson fór á eftirlaun fyrir rúmum áratug og hefur á þeim tíma dundað sér í skúrnum heima í Reykjanesbæ við að skera út ýmsa muni úr ólíkum viðartegundum. Meðal muna sem hann hefur skorið út á undanförnum árum má nefna klukkur, spegla og blómamyndir. „Mest hef ég þó skorið út félagsmerki knattspyrnufélaga í ensku og íslensku deildunum auk ýmissa fugla sem hafa vakið athygli.“

### Langt vinnuferli

Útskurður á fígúratífu fuglalíki sem Ólafur hefur teiknað og hannað skapaðist af sjálfum sér segir hann, raunar sem tilbreyting og hefur heppnast ágætlega. „Ég kalla fuglana Óla fugla þar sem þeir eiga sér engar raunverulegar fyrirmyndir meðal lifandi fugla en þess má geta að engir tveir fuglar eru eins. Vinnuferlið á hverjum fugli er mjög seinlegt. Í byrjun þarf að líma saman tvær passlega þykkar fjalir úr linditré og saga síðan ytra form fuglsins áður en skurður hefst. Ef það form skapast sem maður leitar eftir byrjar fínni vinna með Dremel slípi sem fullkomnar formið. Eftir grófslípun er afraksturinn grunnaður og spartlaður til að fá slétta áferð undir spreyjaða lökkun. Hugmyndabanki minn er enn þá frjór og getur margt skemmtilegt fæðst á næstunni. Helst langar mig að skera eitthvað út sem ég get selt upp í efniskostnað og endurnýjun áhalda.“


Ólafur Þorgils Guðmundsson.

### Skemmtilegt áhugamál

Ólafur er 79 ára í dag en hann fæddist í Sandgerði árið 1939. „Ég lærði málaraiðn og starfaði við þá iðn alla mína starfstíð. Við 67 ára aldur lagði ég pensilinn á hilluna en þá var ég þegar búinn að leggja grunn að ýmsu föndri en tréútskurður varð helst fyrir valinu eftir kynningu hjá Félagi eldri borgara á Suðurnesjum. Þetta er afar gefandi og skemmtilegt áhugamál sem gaman er að dunda sér við.“

# Blaðlauks- og sætkartöflu eggjakaka

Fyrir tvo fagmenn

**5 egg**
**1 msk. vatn eða mjólk**
**½ tsk. ferskt rósmarín, saxað smátt**
**¼ bolli parmesanostur (20 g)**
**Lítil sæt kartafla (100 g)**
**1 bolli þunnt sneiddur blaðlaukur**
**Salt og pipar**
**Smjör**

Hrærið saman eggin og vatnið. Bætið næst parmesanostinum út í og smátt söxuðu rósmaríninu og smá salti. Hrærið vel saman og setjið til hliðar.

Afhýðið kartöfluna og skerið hana í þunnar sneiðar með beittum hníf eða mandólíni. Sjóðið kartöfluskífurnar í smá stund eða þar til þær eru mjúkar. Passið þó að sjóða ekki of lengi. Hellið vatninu af og þerrið með eldhúsþurrku. Steikið blaðlaukinn upp úr smjöri í litlum potti þar til hann er orðinn mjúkur. Bætið þá sætu kartöfluskífunum út í og blandið vel saman. Hellið næst blaðlauknum og sætu kartöflunum yfir eggjablönduna. Bræðið smjör á pönnu og hellið eggjablöndunni út á miðlungsheita pönnuna. Hrærið af og til varlega í kökunni til að hún eldist jafnar. Þegar eggjakakan á stutt eftir er henni skellt undir heitt grillið í 1-2 mínútur eða þar til yfirborð hennar er orðið fallega brúnt.

Setjið eggjakökuna á disk eða fat og skerið í fjóra hluta. Stráið smátt söxuðu fersku rósmaríni yfir.


Ljúffeng blaðlauks- og sætkartöflueggjakaka fyrir fagmenn.










Frábærar vörur í jólapakkann



Framúrskarandi fyrirtæki 2017 2018

# Hágæða vinnuföt í miklu úrvali

Sérmerkjum fyrir fyrirtæki

Snickers WORKWEAR

DUNDERDON

**Mikið úrval af öryggisvörum**

uvex MILLER OTTER TOE GUARD SOLID GEAR Honeywell Hultafors

Nú fást Snickers WORKWEAR vinnuföt í BYKO GERUM ÞETTA SAMAN

HILTI Verkfæri og festingar

**HAGI ehf** Stórhöfða 37 • 110 Reykjavík • S. 414-3700 • hagi@hagi.is • Hagi ehf HILTI



Það er misjafnt hvað fólk hefur mikið pláss fyrir jólatré. NORDICPHOTOS/GETTY

## Jólatré í plássleysi

Það vilja flestir hafa jólatré heima hjá sér um jólin til að fá ekta hátíðarblæ á heimilið. En jólatré geta verið plássfrek og fasteignaverð er hátt, þannig að það hafa ekki allir pláss fyrir tré heima hjá sér. Hér eru þrjár einfaldar hugmyndir að óhefðbundnum jólatrjám sem taka lítið pláss.

Það er hægt að halla viðarplötu upp að veggnum og festa nagla á plötuna þannig að hægt sé að strengja jólaseríu fram og til baka yfir hana og skapa þannig hið keilulaga form jólatrésins með ljósum. Svo er hægt að raða pökkunum fyrir framan plötuna. Passið samt að þetta skapi enga eldhættu.

Það er líka hægt að líma barrgreinar á vegginn til að líkja eftir tré. Takið langa spýtu, ákveðið hvað „tréð“ á að vera svert neðst og sagið svo afganginn af spýtunni þannig að hver spýta sé styttri en sú sem kom á undan. Límið svo barrgreinarnar á spýturnar og festið spýturnar á vegginn með málningarlímbandi.

Síðast en ekki síst er hægt að nota krítartöflu, teikna á hana jólatré og festa jólaljós á „tréð“ með límbandi.



## Jólaplata frá Attenborough

Hinn heimskunni sjónvarpsmaður David Attenborough gaf nýlega út tvöfalda hljómplötu sem inniheldur safn af upptökum af tónlist frumbyggja sem hann kynntist í vettvangsferðum í Suður-Ameríku á 6. og 7. áratug síðustu aldar, snemma á ferli sínum.

Útgefandi plötunnar segist ætla að hrinda af stað herferð á samfélagsmiðlum til að reyna að tryggja Attenborough efsta sætið á breskum vinsældalistum fyrir þessi jól. Takist það verður hinn 92 ára gamli Attenborough sá elsti til að klófesta toppsætið. Tom Jones á núverandi aldursmetið, en hann var 68 ára gamall þegar hann náði þessu sæti.

Lagið sem á að reyna að koma í efsta sætið heitir La Llegada, eða Koman, og það var tekið upp í Paragvæ.

Platan heitir David Attenborough – My Field Recordings from Across the Planet og þar er bæði að finna upptökur af tónlist frumbyggja og frásagnir frá Attenborough sjálfum. Platan kom út seint í nóvember.

# Nokkur innpökkunarráð

Oft getur verið vandasamt að pakka verkfærum og smíðatólum inn í gjafapappír, sér í lagi ef þau koma ekki í ferköntuðum kössum eða töskum. Ýmsar leiðir eru færar til að gera gjafirnar fallegar.

Til dæmis mætti nota „karamelluaðferðina“ á löng og mjó verkfæri eins og skiptilykla, skrúfjárn og þjalir. Þá er verkfærinu rúllað inn í pappírinn og snúið upp á hvorn enda eins og á karamellu og bundið fyrir með slaufu. Oft eru verkfæri beitt og geta borast í gegnum þunnan jólapappírinn. Því getur verið gott að vefja þeim fyrst inn í þykkan maskínupappír.

Stórum hlutum má pakka inn með „pokaaðferðinni“. Þá er sniðinn stór ferningur af gjafapappír og lagður á borð þannig að hann liggur eins og tígull fyrir framan pakkarann. Svo er gjöfin sett á miðjan ferninginn, gripið í efra og neðra horn tígulsins og þeim haldið uppi, gripið svo í hornin



til hliðanna þannig að verkfærið liggi á botni „pokans“. Síðan er pokanum lokað með slaufu.

Gjafapoka má fá í ýmsum stærðum og um að gera að nýta sér það. Kosturinn við gjafapokana er að þeir eru afar einföld lausn á flóknu vandamáli enda þurfa þeir ekki að aðlagast lögun gjafarinnar.

Ef fólki hrýs hugur við að reyna innpökkun má líka leyfa verkfærinu að njóta sín og líma einfaldlega stóra slaufu á það.



# Leitinni er lokið





Hjá okkur færðu hina fullkomnu jólagjöf í ár “Supreme Hollywood meðferðarpakka” sem gefur æskuljóma og ferskleika. Þessi kröftuga og árangursríka langtíma meðferð á andliti er 100% náttúruleg sem Hollywood stjörnurnar velja sem fyrsta kost.

**Þessi vinsæli “Supreme Hollywood meðferðapakki”, er á jólatilboði með 120 þús.króna afslætti til 21.des.**

**Himnesk jólagjöf sem gefur raunhæfan kost á að eldast með reisn**



The Facial
OF THE STARS
The skincare treatment everyone wants.
NUTRIENTS + OXYGEN

# Háræðaslitsmeðferðir

## ANDLIT – HÁLS – BRINGA




## Að eldast með reisn er ósk okkar flestra

Við sérhæfum okkur í að fjarlægja háræðaslit, háræðastjörnur, blóðblöðrur og skemmdir í húð eftir rósroða. Yfirleitt þarf 3 meðferðir til að fjarlægja háræðaslit endanlega.

Tilvalið í jólapakkann

Dermalactives

Hinn vinsæli hrukkubani frá Dermalactives er loksins kominn aftur.




Einnig er liftandi og stinnandi húðmeðferðar pakkinn frá Dermalactives kominn.



**Fyrir þá sem gera kröfur um gæði og árangur**

**Bókið frían tíma í skoðun/viðtal**

Snyrtistofan Hafblik

Hlíðasmára 9 • Kópavogi • S. 893 0098 • snyrt@snyrt.is • www.snyrt.is

# Úr sjálfsvorkunn í mikla ástríðu

**Anna Guðný Torfadóttir varð rúmliggjandi af magaverkjum 17 ára gömul. Þá kom í ljós að hún þoldi illa alls kyns fæðutegundir. Í fyrstu datt hún niður í mikla sjálfsvorkunn en fann fljótlega tilgang með ástandinu.**

Vera Einarsdóttir
vera@frettabladid.is



Sautján ára gömul var ég mjög illa haldin af magaverkjum og heimtaði sjálf að fá að fara í maga- og ristilspeglun sem gáfu ekkert athugavert til kynna. Fyrir tilviljun heyrði ég svo af grasalækninum Matthildi Þorláksdóttur og komst að því að það var ýmislegt í fæðunni sem ég þoldi ekki. Ég fékk langan lista af fæðutegundum sem ég átti að forðast og þurfti að taka mikla u-beygju í lífinu, en á þessum tíma langaði mig auðvitað helst að borða skyndibita og djamma með vinunum eins og jafnaldrar mínir. Mér fannst ég mikið fórnarlamb og var ekki jafn lausnamiðuð eins og ég er í dag. Það var því í höndum mömmu minnar og systur að finna eitthvað handa mér að borða,“ útskýrir Anna Guðný.

> „Mér fannst ég mikið fórnarlamb og var alls ekki eins lausnamiðuð og ég er í dag.
>
> Anna Guðný Torfadóttir.

Með tímanum fór hún þó að taka hlutina í sátt enda fann hún mikinn mun á sér þegar hún sleppti glúteni, mjólkurvörum og hvítum sykri svo dæmi séu nefnd. „Ég upplifði einhvern skýrleika og orku sem ég hafði ekki fundið áður. Ef ég borðaði það sem ég þoldi illa varð ég aftur á móti algerlega uppgefin og orkulaus. Ég áttaði mig líka á því að stress og kvíði höfðu sams konar áhrif,“ segir Anna Guðný sem ákvað í kjölfarið að fara í þerapíu til Guðbjargar Óskar Friðriksdóttur sem heitir Lærðu að elska sjálfa þig. „Hún hjálpaði mér svo mikið að ég fór að kenna efnið sjálf í samstarfi við hana.“ Anna Guðný er sömuleiðis að klára nám í heilsumarkþjálfun og stefnir á að bjóða upp á netnámskeið eftir áramót. „Það verður á myndbandaformi og tilgangurinn að hjálpa fólki að taka öll þessi skref sem ég þurfti að taka varðandi mataræðið og andlega heilsu. Ég þurfti að gera það á einni nóttu en ég vil leiðbeina fólki í viðráðanlegri skrefum sem verða að varanlegum lífsstíl.“

Reynsla Önnu Guðnýjar kveikti áhuga hennar á að búa til uppskriftir og hjálpa fólki í sömu stöðu og hún og má segja að vandi hennar hafi breyst í ástríðu. „Ég er mikill sælkeri og hef lagt mikið á mig til að finna lausnir til að fá mér t.d. sörur á jólunum eða vatnsdeigsbollur á bolludaginn án þess að það fari illa í mig. Með uppskriftum mínum vil ég sýna fólki að það er hægt að njóta allskyns góðgætis á hollan máta.,“ segir Anna Guðný sem heldur úti bæði Facebook- og Instagramsíðu undir heitinu Heilsa og vellíðan þar sem hún setur inn uppskriftir og allskyns hugleiðingar. „Ég reyni meðal annars að höfða til kvenna en við þurfum að læra að elska okkur sjálfar til að líða vel og á líðan okkar ekki að fara eftir áliti annarra eða tölu á vigtinni,“ svo dæmi séu nefnd. „Þá reyni ég eins og ég get að hvetja fólk til að vera úti í náttúrunni en það eitt púslar svo mörgum púslum saman í höfðinu á okkur og bætir alla lund og líðan.“

Hér fylgir uppskrift að hráköku sem Anna Guðný fékk hugmynd að þegar blaðamaður hafði samband. „Ef ég fæ einhverja hugmynd að mat þá verð ég að framkvæma hana og geri mikið af því að prófa mig áfram,“ segir Anna Guðný sem gaf út sína fyrstu netbók með eigin uppskriftum fyrir skemmstu en hana má nálgast á heimasíðunni heilsaogvellidan.com.



Anna Guðný gerir mikið af því að prófa sig áfram í matargerð og bakstri. Hér er hún með köku sem hún fékk hugmynd að fyrr í vikunni. MYND/EYÞÓR

## Berjaást

### Botn

**200 g ristaðar heslihnetur**
**50 g haframjöl**
**5 msk. möndlusmjör**
**4 msk. hrákakó**
**3 msk. kókosolía**
**150 g döðlur**
**Smá gróft salt**

Byrjið á því að rista heslihnetur við 150°C á blæstri í 10-15 mín. Nuddið svo hýðið af þeim þegar þær hafa kólnað. Setjið þær í matvinnsluvél og bætið restinni af innihaldsefnunum saman við. Þjappið botninum lauslega niður með höndunum í smelluform. Setjið hann svo í frysti.

### Grunnur að fyllingu

**400 g kasjúhnetur**
**200 ml kókosolía**
**250 g kókosjógúrt frá Abbot Kinney's (fæst í Nettó)**

Skellið öllum innihaldsefnunum saman í blandara og látið hann vinna alveg þar til þetta er silkimjúkt. Setjið grunninn til hliðar.

### Vanillulag

**330 g af grunninum hér að ofan**
**50 ml möndlumjólk eða önnur plöntumjólk**
**2,5 msk. hlynsíróp**
**1 tsk. sítrónusafi**
**⅓ tsk. vanilluduft**
**1 tsk. kakósmjör**
**gróft salt**

Öllu hrært vel saman og síðan hellt jafnt yfir botninn. Gott er að setja kökuna aftur í frysti þar til næsta lag er klárt.

### Kakólag

**270 g af grunninum hér að ofan**
**6 msk. hrákakó**
**4 msk. hlynsíróp**
**50 ml möndlumjólk**
**2 tsk. kakósmjör**
**Gróft salt**

Öllu hrært vel saman í blandara og síðan hellt jafnt yfir botninn. Gott er að setja kökuna aftur í frysti þar til næsta lag er klárt.

### Berjalag

**100 g frosin jarðarber – látin þiðna áður en notuð**
**100 g frosin bláber – látin þiðna áður en notuð**
**200 g af grunninum hér að ofan**
**1 msk. hlynsíróp**
**Gróft salt**

Setjið frosnu berin í sigti og leyfið þeim að þiðna alveg með því að láta mesta vökvann leka af þeim. Forðist samt að kremja þau eða kreista. Setjið öll innihaldsefnin saman í blandara og hellið berjalaginu jafnt yfir botninn. Kakan geymist í frysti og er sniðugt að láta hana þiðna aðeins við stofuhita og kippa henni svo inn í ísskáp þar til á að njóta hennar. Eins getur verið sniðugt að frysta hana í sneiðum og kippa út einni sneið í einu til að njóta.

Jólatilboð
20% afsláttur
af öllum stór rækju-, andakjöts-, nautakjöts-, kjúklinga-, og núðluréttum
til 16. desember 2018.
Opið alla daga vikunnar frá kl. 11:00 - 22:00
KÍNAHOFIÐ
Kínahofið veitingahús | Nýbýlavegi 20 | 200 Kópavogi
www.kinahofid.is | Sími 554 5022

# Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími
er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

### Bílar óskast

**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?**
Kaupi bíla 25-350þús
**Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka**

### Húsbílar



Gullmoli til sölu. Chevrolet 91 módel, 6,2 dísel.Mikið endurnýjaður og splunkuný dekk. Tilboð óskast. s: 837-7727.

## Þjónusta

### Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta
Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málarar

**REGNBOGALITIR EHF**
Alhliða málningarþjónusta löggiltra fagmanna. malarar@simnet.is Sími 891 9890

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, mynddyrasímar, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is




## Keypt & Selt

### Til sölu




Kassagítarar í úrvali Gítarinn ehf Kassagítarar á tilboði Rafmagnsgítarar á tilboði Stórhöfða 27 s 552 2125 www.gitarinn.is gitarinn@gitarinn.is

HUMARSALAN

Ný veiddur Hornafjarðarhumar og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW. HUMARSALAN:IS S. 867 6677

### Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

## Heilsa

### Nudd




**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

## Húsnæði

### Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM**
165 og 285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

Einstaklingsíbúð á Langholtsvegi til leigu. Laus strax. S. 888-2171

### Húsnæði óskast

Óska eftir einstaklingíbúð eða herb. með aðstöðu á stór rvk svæðinu. s: 766-6564

### Atvinnuhúsnæði

**VERSLUNARHÚSNÆÐI-ATVINNUHÚSNÆÐI**
Til leigu 170,5 fm húsnæði á götuhæð, Bolholti 4. Næsta hús fyrir aftan Skeljung Laugavegi 180. Stórir gluggar, ný málað, góð lýsing og yfir 40 ljóskastarar í loftum.
**Laust strax. Uppl. Ragnar s:893-8166 eða grensas@gmail.com**

### Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is




### Þjónusta




Vörubílastöðin Silfri ehf hefur 9 trukka, þar af einn ADR bíl og einn 4 öxla vörubíl og kranabíl.

Grunnar, malarkeyrsla, flatvagnar o.fl.

**Góða þjónusta - vönduð vinna þaulvanir menn - Ávallt gott verð.**

**Silfri ehf | S. 894 9690 | silfriehf.is**




### Skemmtanir



## Tilkynningar

# AUGLÝSING UM SAMÞYKKT BÆJARSTJÓRNAR GARÐABÆJAR

Eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir og deiliskipulagsbreytingar hafa verið samþykkt af bæjarstjórn Garðabæjar, birtar í B-deild Stjórnartíðinda og hafa öðlast gildi. Í samræmi við 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er niðurstaða bæjarstjórnar hér með auglýst.

**Breytingar á deiliskipulagi**

**1. Bæjargarður, breyting á deiliskipulagi**

Þann 18.10.2018 samþykkti bæjarstjórn Garðabæjar tillögu að breytingu á deiliskipulagi Bæjargarðs í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan var auglýst og bárust athugasemdir og liggja fyrir svör við athugasemdum.
Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um gildistöku deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda sem var þann 23.11.2018.

**2. Hraungata og Kinnargata, breyting á deiliskipulagi vesturhluta Urriðaholts**

Deiliskipulagsbreytingin var samþykkt með deiliskipulagi austurhluta Urriðaholts, 1. áfanga, sem var samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar þann 6.09.2018 í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um gildistöku deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda sem var þann 28.11.2018.

**Samþykkt deiliskipulag**

**1. Arnarnes deiliskipulag**

Þann 15.03.2018 samþykkti bæjarstjórn Garðabæjar tillögu að deiliskipulagi Arnarness í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Gerðar voru leiðréttingar á deiliskipulagstillögunni í kjölfar innsendra athugasemda og liggja fyrir svör við athugasemdum.
Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um gildistöku deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda sem var þann 23.11.2018.

**2. Austurhluti Urriðaholts 1. áfangi deiliskipulag**

Þann 6.09.2018 samþykkti bæjarstjórn Garðabæjar tillögu að deiliskipulagi Urriðaholts Austurhluta 1. áfanga í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan var auglýst og bárust athugasemdir og liggja fyrir svör við athugasemdum.
Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um gildistöku deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda sem var þann 28.11.2018.

**Ákvarðanir sveitarstjórnar eru kæranlegar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um gildistöku deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda.**

GARÐABÆR
GARÐATORGI 7 • SÍMI 525 8500 • GARDABAER.IS

## Fasteignir




**OPIÐ HÚS**
sunnudaginn 2.des. kl. 16:00 – 16:30

4ra herbergja íbúð á jarðhæð
Vel skipulögð íbúð
Sérinngangur og sérafnotaréttur út úr stofu til suðurs
Vinsæl staðsetning á Seltjarnarnesi



Nánari upplýsingar veitir:
**Jason Ólafsson,** lögg. fasteignasali
jassi@miklaborg.is **sími:** 775 1515

Verð :
**62,8 millj.**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
**- með þér alla leið -**

**HRAUNHAMAR** FASTEIGNASALA
Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

# Hringbraut 2a, 220 Hafnarfjörður

**Mjög góð eign miðsvæðis í bænum, fallegt útsýni.**







Björt og falleg fjögurra herbergja endaíbúð á efstu hæð í þessu vinsæla fjölbýli misvæðis í Hafnarfirði, glæsilegt útsýni, tvennar svalir. Íbúðin er skráð 106,2 fm en þar af er mjög góð geymsla í snyrtilegri sameign 9,7 fm, vel staðsett sér stæði í upphitaði bílageymslu innangengt.

**Allar frekari uppls veitir Hilmar Þór Bryde löggiltur fasteignasali í síma 892-9694, hilmar@hraunhamar.is**

**Hilmar Þór Bryde Löggiltur fasteignasali.**

# Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

Capacent_

capacent.is

## Þú finnur draumastarfið á job.is







GLÆNÝ OG FERSK STÖRF Í HVERRI VIKU

job.is

# HELGARTILBOÐ

OPIÐ ALLA HELGINA – LAU. 11-18 og SUN. 13-18 Á SUÐURLANDSBRAUT OG LAU. 10-17 og SUN. 13-17 Á GLERÁRTORGI

## KYNNUM SEGWAY DRIFT RAFSKAUTA
### Á SUÐURLANDSBRAUT




**20% AFSLÁTTUR**
**AF ÖLLUM SEGWAY FARARTÆKJUM**

## DOLCE GUSTO KYNNING
Á SUÐURLANDSBRAUT

NESCAFÉ Dolce Gusto



Mini Me KAFFIVÉL



*Kaffistandur fylgir að andvirði 3.995*

**TILBOÐ 9.995**
FULLT VERÐ 10.995




**PHILIPS**

PHS-43PFT4112
Einfalt og flott 43" Full HD LED sjónvarp með 16W RMS Incredible Surround hljóðkerfi.

**TILBOÐ 49.995**
FULLT VERÐ 59.995




BT HÁTALARI FYLGIR

LG-50UK6300
50" 4K UHD snjallsjónvarp með Active HDR tækni og Bluetooth ásamt notendavænu webOS netviðmóti og Netflix í 4K.

**TILBOÐ 89.995**
FULLT VERÐ 119.995




**PHILIPS**

PHS-55PUS7803
55" 4K UHD snjallsjónvarp með Android 7 stýrikerfi og P5 myndvinnslu ásamt DTS HD Premium hljóðkerfi og Ambilight 3 baklýsingu.

**TILBOÐ 129.995**
FULLT VERÐ 164.995




LG-75SK8100
BT HÁTALARI FYLGIR
Glæsilegt 75" Super UHD sjónvarp með A7 örgjörva og Nano Cell skjátækni sem gefur betri mynd frá öllum sjónarhornum. Multi HDR, Dolby Vision og webOS 4.0. Magic Remote fylgir.

**TILBOÐ 349.995**
FULLT VERÐ 449.995

## HEILSUGRILL
**20% AFSLÁTTUR**



PHILIPS · OBH NORDICA · Ariete · DeLonghi · MELISSA · GEORGE FOREMAN · SEVERIN

## VÖFFLUJÁRN
**20% AFSLÁTTUR**



OBH NORDICA · ÅVIKEN · wilfa · SEVERIN

## ÖLL HÁRTÆKI
**30% AFSLÁTTUR**



PHILIPS · TONI&GUY · REVLON



**PHILIPS**

PHS-S313041
Hleðslurakvél og nefháraklippur.

**TILBOÐ 9.995**
FULLT VERÐ 14.995

## DALI HÁTALARAR
**15% AFSLÁTTUR**



DALI

LG




**LG BLUETOOTH HÁTALARI FYLGIR MEÐ ÖLLUM LG SJÓNVÖRPUM**




*Opið alla helgina!*

**Heimilistæki** ht.is

*7 VERSLANIR UM LAND ALLT*

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • AUSTURVEGI 34 **SELFOSSI** S: 414 1745 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRTORGI **AKUREYRI** S: 460 3380 • **KAUPVANGI 6 EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • ÞJÓÐBRAUT 1 **AKRANESI** S: 431-3333 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

FRÉTTABLAÐIÐ

# TÍMAMÓT

30. NÓVEMBER 2018 FÖSTUDAGUR

## Merkisatburðir

**1918** Ásgeirsverslun á Ísafirði hættir starfsemi.

**1939** Vetrarstríðið hefst með því að Sovétríkin gera innrás í Finnland.

**1943** Hitaveita kemur til Reykjavíkur frá Reykjum í Mosfellssveit og var fyrst tengt í Listasafn Einars Jónssonar.

**1960** Ungmennafélagið Stjarnan stofnað í Garðabæ.

**1965** Íslenskir bankar kaupa Skarðsbók á uppboði í London, en hún var þá eina fornislenska handritið í heiminum í einkaeigu.

**1966** Ríkissjónvarpið frumsýnir skákskýringaþáttinn Í uppnámi en hann var einn fyrsti sjónvarpsþátturinn sem framleiddur var á Íslandi.

**1981** Fulltrúar Sovétríkjanna og Bandaríkjanna hefja afvopnunarviðræður í Genf.

**1982** Metsöluplata Michaels Jackson, Thriller, kemur út.

**1984** Tamíltígrar byrja að myrða fólk af sinhalískum ættum á Srí Lanka.




†

Elskuleg móðir okkar,
tengdamóðir, amma,
langamma og langalangamma,

**Hansína. P. Elíasdóttir**

síðast til heimilis
á Droplaugarstöðum,

andaðist á Droplaugarstöðum
16. nóvember síðastliðinn. Útförin hefur farið fram í kyrrþey. Aðstandendur þakka starfsfólki Droplaugarstaða.

**Þórunn Oddný Þórhallsdóttir**
**Filippus Þórhallsson** **Alma Sæbjörnsdóttir**
**Dagbjört K. Þórhallsdóttir** **Benjamín Gunnarsson**
**Kristín Þ. Þórhallsdóttir**
**börn, barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.**



†

Okkar ástkæra móðir,
tengdamóðir og amma,

**Valgerður Kristín Guðmundsdóttir**

varð bráðkvödd á heimili sínu
2. nóvember.

Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.
Þökkum auðsýnda samúð og kærleika.

**Eva Einarsdóttir** **Eldar Ástþórsson**
**Freyja Ásgeirsdóttir**
**Gauti Ásgeirsson**
**barnabörn og aðrir ástvinir.**



†

Ástkær eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Gissur Þorvaldsson**

forstjóri,
Kópalind 2,

lést á Landspítalanum fimmtudaginn
22. nóvember. Jarðsungið verður frá
Seljakirkju miðvikudaginn 5. desember kl. 13.00.

**Hrefna Guðbjörg Ásmundsdóttir**
**Ragnheiður J. Gissurardóttir**
**Hulda Kristín Vatnsdal**
**Ásgerður S. Gissurardóttir** **Axel Geirsson**
**Þorvaldur H. Gissurarson** **Elsa Grímsdóttir**
**Hörn Gissurardóttir** **Dufþakur Pálsson**
**Gunnlaug Gissurardóttir** **Magnús Rögnvaldsson**
**og fjölskyldur.**


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055.



Felix Bergssyni líður afskaplega vel á sviðinu í Tjarnarbíói þar sem hann hefur sýnt verk sitt undanfarin ár. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Augasteinninn hans Felix sýndur í síðasta skipti

**Verkið Augasteinn verður sett upp í síðasta skipti í ár eftir 17 ára veru á sviði. Felix Bergsson frumsýndi verkið í London árið 2002 en aðeins sex sýningar verða settar upp.**

Ég reyndi raunar að hætta fyrir nokkrum árum en það gekk ekki þá og aðsóknin hefur bara orðið betri og betri eftir því sem árin líða en nú fann ég að það er komið gott og ég mun reyna að finna söguninni eitthvert annað form,“ segir Felix Bergsson, en venju samkvæmt mun hann snúa aftur með Ævintýrið um Augastein á aðventunni.

Ævintýrið um Augastein er jólaævintýri fyrir alla fjölskylduna eftir Felix í samvinnu við Kolbrúnu Halldórsdóttur og Helgu Arnalds. Verkið var frumsýnt í London árið 2002 og hefur verið sýnt reglulega á aðventunni síðan þá. Árið 2015 sneri sýningin aftur heim í Tjarnarbíó og hefur slegið í gegn að nýju og er uppselt á allar sýningar. Í kjölfarið hefur Forlagið endurútgefið bókina með ævintýrinu en hún hefur verið uppseld í áraraðir. Í ár verður ævintýrið flutt í síðasta sinn í Tjarnarbíói en aðeins verða sex sýningar.

„Það hefur lengi verið rætt um sjónvarps- eða kvikmyndaútgáfu og nú mun ég frekar einbeita mér að því að reyna að koma því á koppinn. En ég veit að ég mun fyllast tómleika og söknuði eftir þeim félögum Augasteini og jólasveinunum þegar desember gengur í garð,“ segir Felix og bætir við að sér líði alltaf vel í Tjarnarbíói og hann vilji endilega standa þar á sviði sem oftast og sem mest. „Ég er alltaf með eitthvað í pípunum og það mun pottþétt eitthvað annað koma í staðinn. Raunar eru viðræður hafnar um næsta verkefni og vonandi verður hægt að upplýsa um það fyrr en síðar en við lofum að það verður eitthvað allt öðruvísi en Ævintýrið um Augastein. En næst langar mig til að hafa fleiri á sviðinu en bara mig sjálfan.“

**Fyrir alla fjölskylduna**

Ævintýrið um Augastein er æsispennandi jólaævintýri fyrir alla fjölskylduna og er byggt á sögunum um sveinstaulana þrettán, syni Grýlu og Leppalúða. Augasteinn litli lendir í klónum á jólasveinunum sem voru einu sinni andstyggilegir hrekkjalómar. Þeir taka ástfóstri við litla drenginn en leikar fara að æsast þegar Grýla kemur til sögunnar. Allt endar þó vel að lokum og við komumst að því hvers vegna jólasveinarnir fóru skyndilega að gefa öllum börnum í skóinn.

**benediktboas@frettabladid.is**

ÞETTA GERÐIST: 30. NÓVEMBER 1936

## Crystal Palace verður eldi að bráð

Þennan dag árið 1936 brann Crystal Palace-byggingin til kaldra kola. Crystal Palace var járn- og glerbygging sem byggð var fyrir iðnaðarsýninguna miklu (The Great Exhibition of Works and Industry of all Nations) sem stóð yfir í London frá 1. maí til 15. október árið 1851. Höllin var reist í Hyde Park í London.

Á sýningunni voru meira en fjórtán þúsund aðilar með sýnishorn af nýjustu vísindaframförum iðnbyltingarinnar. Byggingin var 564 metra löng og 32 metra há og vakti mikla lukku meðal almennings. Eftir sýninguna var hún flutt í yfirstéttarhverfið Sydenham Hill í Lundúnum. Vinsældir Crystal Palace dvínuðu með tímanum. Safnið var lokað á sunnudögum en það var eini dagurinn sem almenningur átti frí frá vinnu. Á öðrum áratug tuttugustu aldar var byggingin í niðurníðslu en eftir fyrri heimsstyrjöldina var þar opnað stríðsminjasafn. Allt leit út fyrir blómlegri tíma þegar höllin varð eldi að bráð árið 1936. Meðal þess sem brann var búnaður sem John Logie Baird notaði til tilrauna við sjónvarpsútsendingar. Seinna fékk svæðið þar sem höllin stóð nafnið Crystal Palace og þar stendur í dag samnefnd íþróttamiðstöð.



# KRÓNAN



Ekkert ves í des · Gerðu þitt eigið

## Jóla HLAÐ BORÐ

þarf aðeins að hita



## Matseðill

Fyrir 8 manns

| | |
|---|---|
| **Sinnepssíld,** 255 g | **349** kr. stk. |
| **marineruð síld,** 255 g | **349** kr. stk. |
| **Rúgbrauð,** 270 g | **249** kr. pk. |
| **Grafinn lax í sneiðum,** 200 g | **939** kr. pk. |
| **Graflaxsósa,** 150 ml | **249** kr. stk. |
| **Jólapate innbakað,** 200 g | **1399** kr. stk. |
| **Jarðarberjasósa,** 100 g | **799** kr. stk. |
| **Reykt andabringa,** 230 g | **2399** kr. stk. |
| **Rauðlaukssulta,** 180 g | **699** kr. stk. |
| **Hamborgarhryggur sneiðar,** 400 g | **1108** kr. pk. |
| **Waldorf salat,** 500 g | **999** kr. pk. |
| **Heimagert rauðkál,** 250 g | **599** kr. pk. |
| **Kalkúnabringa elduð,** 500 g | **2500** kr. stk. |
| **Kalkúnasósa með salvíu,** 500 g | **1390** kr. stk. |
| **Heit purusteik,** 400 g | **1399** kr. stk. |
| **Rauðvínssósa,** 500 ml | **1390** kr. stk. |
| **Lifrarkæfa með beikoni,** 370 g | **1293** kr. stk. |
| **Lúxus laufabrauð,** 130 g | **998** kr. pk. |

**Allt þetta undir**

# 2500*

kr. á mann

*miðað við eitt stykki/pakka af hverju

**Afgreiðslutímar á www.kronan.is**

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Föstudagur

Norðan 10-18 m/s í dag en 15-23 m/s norðvestan til á landinu og með suðausturströndinni. Áfram snjókoma eða él um norðanvert landið en þurrt syðra. Hiti 0 til 3 stig við suðurströndina en annars frost 1 til 6 stig, heldur kólnandi veður.




## Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| -0° | -4° | -2° |
| 5 | 12 | 9 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 1° | 0° | -6° |
| 12 | 19 | 15 |

## Sunnudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| -3° | -5° | -5° |
| 6 | 5 | 6 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| -4° | -4° | -9° |
| 4 | 15 | 11 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | | 7 | 9 | 8 | | | 2 | 6 |
| 6 | | 9 | 5 | | | | 4 | |
| 8 | | 2 | 7 | 6 | | 5 | | |
| | | | | | 9 | | 3 | 8 |
| 2 | 6 | | | | 1 | | 7 | 4 |
| 3 | | 4 | | | 6 | | | |
| | | | | | | | | |
| | 8 | | | | 5 | 7 | 6 | |
| | 5 | | 2 | | | 3 | 1 | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 2 | | 9 | | 4 | | | |
| 3 | | | 2 | | 6 | 8 | | 4 |
| | | 9 | | | | | 5 | |
| 8 | 9 | 3 | | 6 | | | | |
| | 4 | | | | 5 | | | |
| | | | 4 | 2 | | | 6 | |
| | | | | | 1 | | | 6 |
| 1 | 5 | | 3 | | | | | |
| | 3 | | | 8 | 9 | 5 | 7 | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 7 | 8 | | 2 | |
| 1 | | | | | | | 6 | |
| | | | 1 | | | | | 7 |
| 7 | | | 4 | 6 | | | 9 | 3 |
| 8 | | | | | | | | |
| | 6 | | | 9 | | | | 2 |
| | 1 | 8 | 3 | | | | | |
| 4 | | 6 | | | | | 5 | |
| | | 3 | | | 1 | | | |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. strita
5. hvíld
6. svell
8. gjaldmiðill
10. frá
11. yfirbreiðsla
12. fjögur
13. ókyrr
15. púður
17. múgur

**LÓÐRÉTT**
1. tímaskeið
2. grasþökur
3. sóða
4. stundir
7. sök
9. presta
12. lýð
14. flan
16. tímamælir



**LÁRÉTT: 1.** atast, **5.** lot, **6.** ís, **8.** drakma, **10.** af, **11.** lak, **12.** fern, **13.** órór, **15.** talkúm, **17.** skari.
**LÓÐRÉTT: 1.** aldamót, **2.** torf, **3.** ata, **4.** tímar, **7.** saknæmi, **9.** klerka, **12.** fólk, **14.** ras, **16.** úr.

## Skák Gunnar Björnsson

Magnús Carlsen (2835) átti leik gegn Fabiano Caruana (2832) í bráðabananum í fyrradag.

